

DAVÍÐ G. KRISTINSSON

Fræðamörk

Um markalínur milli heimspeki og grannvísinda hennar í rannsóknum á hruninu

Í öllu því umróti sem nú ríkir [...] stendur
allt á haus; skáldin breytast í hagfræðinga
og hagfræðingarnir í heimspekinga.¹

Efnahagshrunið á Íslandi 2008 hafði ekki aðeins áhrif á samfélagið utan veggja háskólanna heldur um leið á rannsóknir fræðafólks. Skorið var niður til æðri menntastofnana en þær samfélagshræringar sem kreppunni fylgdu skópu jafnframt tækifæri til rannsókna sem ófáir háskólamenn nýttu sér. Auk hagfræðinga, sem lá beinast við að gerðu efnahagshrunið að viðfangsefni sínu, rannsakaði fólk úr fjölda fræðigreina orsakir og afleiðingar kreppunnar.² Skrif íslenska háskólasamfélagsins takmörkuðust ekki við fræði sem augljóslega gætu átt hér erindi, t.d. félags-, stjórn mála- og siðfræði, heldur birtust einnig textar eftir sagn-, mann-, kynja- og guðfræðinga, bókmennta-, umhverfis- og sálfræðinga, heilsuhagfræðinga, viðskipta-, lög- og þjóðfræðinga. Margir fræðimenn kappkostuðu að tengja fyrri rannsóknir sínar við kreppuna og einhverjir sáu í hruninu tækifæri til að sannreyna eða gagnrýna alþjóðlegar kenningar um spillingu, mótmæli, lýðræði, réttlæti, rökræðu, þjóðernishyggu o.fl.

Þessi fjölbreyttu skrif um íslenska efnahagshrunið skapa fágætt tækifæri til samanburðarrannsókna á því hvernig fræðafólk úr mismunandi vísinda-

¹ Einar Már Guðmundsson, *Hvíta bókin*, Reykjavík: Mál og menning, 2009, bls. 9–11.

² Til einföldunar er hér á eftir talað jöfnum höndum um rannsóknir á *hruninu* og *kreppunni* þótt þær feli nánar til tekið jafnframt í sér greiningu á aðdragandanum.



greinum starfar í raun enda sjaldgæft að fræðimenn úr jafn mörgum greinum rannsaki samtímis eitt og sama viðfangsefnið. Í þessari grein verður farið í saumana á hluta þess sem háskólafolk birti í nafni sinna fræða og skoðað að hvaða leyti það skilur sig frá aðferðum og hugtökum skyldra vísindagreina. Viðfangsefnið er því ekki hrunið sem slíkt heldur markalínur milli nokkurra fræðigreina íslenska háskólasamfélagsins eins og þær birtast í skrifum þess um hrunið.³ Í ljósi fjölscrúðs vísindagreina afmarkar höfundur sig hér við þá fræðigreina sem hann þekkir best, heimspeki, og nokkrar skyldar greinar.⁴ Rannsóknin er um leið heimspekileg naflaskoðun, þ.e. vinna með sjálfsmynd eigin fræðigreinar og mögulega fordóma hennar í garð ‚hinna‘ – grannvísindanna.

Hvaða fræðigreina ber helst að gera að viðfangsefni það sem skilur fræðigreinar að, þ.e. fræðamörkin? Það er varla á valdi einnar fræðigreinar að geta gert náttúrulegt tilkall til slíks rannsóknarviðfangs. Heimspekingar hafa frá öndverðu velt vöngum yfir skipan vísinda og vitaskuld er það eitt af meginverkefnum þeirra að greina mörk. Lítil hefð er þó fyrir því að hugsuðir skoði sérstaklega ákveðin fræðamörk og varla til viðurkennd heimspekileg aðferð fyrir slíkum rannsóknum.⁵ Algengara er að félagsfræðingar og menntavísindafólk rannsaki fræðamörk.⁶ Fremur en að byrja á samantekt slíkra rannsókna nálgast höfundur hér viðfangsefnið með hætti sem á að ein-

³ Markalínur milli fræðigreina eru – líkt og vísindagreinarnar sjálfar – að miklu leyti alþjóðlegar en hafa þó einhver sérkenni milli landa.

⁴ Hér er ekki ráðist í það verkefni að gera samantekt á því hvernig grannvísindi heimspekinnar eru skilgreind með ólíkum hætti í textum sem ekki varða meginviðfangsefni okkar.

⁵ Meðal heimspekinga sem koma inn á þessi mörk með einhverjum hætti má nefna Immanuel Kant, *Der Streit der Fakultäten* [Þræta deildanna], 1798; Jacques Derrida, „Mochlos, ou le conflit des facultés“ [Mochlos, eða þræta deildanna], *Philosophie* 2/1984, bls. 21–53; Michel Foucault, *Les mots et les choses. Une archéologie des sciences humaines* [Orð og hlutir. Fornminjafræði mannvísindanna], París: Gallimard, 1966; um fræðamörk heimspeki og félagsvísinda sjá t.d. inngang Kristjáns Kristjánssonar heimspekings að bók hans *Justice and Desert-Based Emotions*, Aldershot: Ashgate, 2006.

⁶ Sjá t.d. *The Academic Profession. National, Disciplinary, and Institutional Settings*, ritstj. Burton R. Clark, Berkeley og Los Angeles: University of California Press, 1987; Andrew Abbott, *Chaos of Disciplines*, Chicago: University of Chicago Press, 2001; Tony Becher og Paul R. Trowler, *Academic Tribes and Territories. Intellectual Enquiry and the Cultures of Disciplines*, Philadelphia: Open University Press, 2001; *Shaping Human Science Disciplines. Institutional Developments in Europe and Beyond*, ritstj. Christian Fleck, Matthias Duller og Victor Karády, London: Palgrave Macmillan, 2019.

hverju leyti rætur að rekja til hefða innan heimspekinnar. Fræðamörk varða háskólasamfélagið í víðari skilningi og er því gjöfulla að nálgast þau ekki með heimspekilegum hætti í þröngum skilningi. Hér er ekki á ferð hrein heimspeki til aðgreiningar frá öðrum fræðigreinum, t.d. í anda undirgreina heimspekinnar á borð við vísindaheimspeki til aðgreiningar frá vísindasagnfræði, -félagsfræði, -mannfræði eða vísindafræðum. Þótt sjónarhorn rannsóknarinnar kunni þannig að vera fremur af jaðri heimspekinnar en úr henni miðri þýðir það ekki að sjónarhornið sé þvert á fræðigreinar (e. *interdisciplinary*) eða jafnvel handan fræðagreina (e. *transdisciplinary*), enda ekki sjálfgefið að einstaklingar sem fyrst og fremst eru þjálfaðir innan einnar fræðigreinar séu færir um að beita slíkri nálgun. Að heimspekilegum sið styðst höfundur ekki við vettvangsrannsóknir, viðtöl, rannsóknir á kennslu, námi og námskrám ólíkra fræðigreina eða á stjórnsýslu háskólanna, heldur við það sem er einna nærtækast þeim sem eru skólaðir í heimspeki sem leggur áherslu á túlkun og rökgreiningu texta. Auk þess er hér stuðst við hefð við útleggingu texta sem beinir athyglinni ekki einvörðungu að meginrökunum heldur leitar jafnframt fanga í jaðri textanna.

Önnur rótgrónari heimspekihefð sem hér er sótt í er sú að gera – ólíkt því sem tíðkast innan flestra vísindagreina – spurningum jafnvel hærra undir höfði en svörum. Þannig er spurningum að hluta til velt upp spurninganna vegna, og fleiri spurninga spurt en svarað er – eða unnt er að svara í tímaritsgrein – á þeirri forsendu að gagnrýnin heimspeki afmarkist ekki við það að svara fáeinum rannsóknarspurningum. Hún sé um leið tilraun til að koma hreyfingu á hugsunina með því að kappkosta að draga sem flest í efa – að koma hreyfingu á hugsunina hreyfingarinnar vegna.⁷ Að leyfa sér að ,undr-

⁷ Sjá til dæmis fyrrnefnda grein Derrida („Mochlos“, bls. 21) um þrætu deildanna en fyrstu sex setningar textans eru spurningar. Þær eru ekki kynntar til sögunnar sem framlag til rannsóknarhefðar, spurningar er hafi hingað til verið vanræktar á því rannsóknarsviði, heldur virðast þær spretta úr vangaveltum um umhverfið sem fyrirlesarinn er staddur í. Þær tengjast þannig Derrida sjálfum, ekki einkamálum hans heldur hlutverki sem hann gegnir innan ákveðins umhverfis á þeirri stundu. Sá er spyr gerir væntanlega tilkall til þess að spurningarnar séu afsprengi gagnrýnnar heimspekilegrar hugsunar. Auk þessa ,gerðu það sjálf(ur)“-hugarfars vísa heimspekingar vitaskuld í skrif annarra en ólíkt yngri vísindum ekki endilega einkum í helstu rannsóknir á tilteknu fyrirbæri sem gerðar hafa verið á síðastliðnum árum heldur ósjaldan fyrst og fremst í aðra heimspekinga, samtímamenn jafnt sem hugsuði fyrri alda. Annars vegar má segja að heimspekingar, að því leyti sem þeir telja sig með áhugaverðum hætti geta velt hlutunum fyrir sér upp á eigin spýtur – heimspekinámið yfir gjarnan undir þetta hugarfar – að viðbættum nokkrum vísunum í áhrifamikla hugsuði, séu að einhverju leyti ,bernskir“; það geri þeim því gott að vera knúin til

ast – „[u]ndrunin gegnsýrir heimspekina“⁸ – yfir hlutum sem í fljótu bragði kunna að virðast svo augljósir að engra spurninga sé þörf. Að velta ekki aðeins upp spurningum sem álitnar eru mikilvægar innan ákveðinna rannsóknarhefða heldur að leyfa jafnframt hinu ‚bernska‘ að vera við stjórnvölinn,⁹ undrast það sem á vegi manns verður, að heimi textans meðtöldum.¹⁰

Hluti af þessari ‚bernsku‘ heimspekinnar er að afmarka sig ekki við sérfræðisþurningar á eigin heimavígstöðvum heldur að leyfa sér að varpa einnig fram spurningum á framandi fræðasviðum, að hætta ekki að spyrja þótt spurningar vísi út fyrir ramma heimspekinnar sjálfrar. Þetta hlutverk innir heimspekin af hendi á þeirri forsendu að hún á ekki aðeins þegnrétt í heimi sérfræðigreina heldur er hún jafnframt almennari fræðigrein sem skoðar hið sérhæfða á almennan hátt samtímis því að kappkosta að miðla hinu sérhæfða til almennari lesenda.¹¹

Sú nálgun sem hér er kennd lauslega við heimspeki er ekki alfarið sérheimspekileg heldur svipar að mörgu leyti til nálgana í skyldum fræðigreinum, t.d. sú tegund samamburðar sem beitt er hér á eftir. Slíkur samamburður kappkostar að bera saman ólík fyrirbæri í leit að nýjum skilningi, í viðleitni til að opna hugsuninni nýjan farveg.

Hér er aðeins fjallað um lítinn hluta þeirra fræðitexta sem skrifaðir voru um hrunið. Úrvalið endurspeglar síður mikilvægi textanna sem greininga á hruginu en notagildi þeirra fyrir þær aðferðafræðilegu vangaveltur og spurn-

að laga sig að rannsóknarviðmiðum yngri vísindagreina, t.d. að því marki sem þeir birta á sama vettvangi eða sækja um sömu rannsóknarstyrki og vísindamenn. Þar eru viðmið vísindanna ráðandi og heimspekingar þurfa að gera grein fyrir nálgun sinni út frá slíkum viðmiðum. Hins vegar má spyrja hvort það sé framför fyrir fræðasamfélagið í heild ef þetta ‚bernska‘ sérkenni heimspekinnar líður undir lok.

⁸ Martin Heidegger, „Hvað er það, heimspekin?“, þýð. Róbert Jack, *Hvað er heimspeki? Tíu greinar frá tuttugustu öld*, ritstj. Róbert Jack og Ármann Halldórsson, Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2001, bls. 97–116, hér bls. 113.

⁹ Ernst Bloch líkir undrun heimspekinnar við spyrjandi barn í greininni „Hvað er heimspeki sem leitandi og freistandi?“, þýð. Geir Sigurðsson, *Hvað er heimspeki?*, bls. 213–219, hér bls. 213.

¹⁰ Andstæða slíks viðhorfs væri gagnrýni á borð við þá að hugleiðingar fræðimanns um ákveðið viðfangsefni beri þess vott að viðkomandi sé að velta því fyrir sér í fyrsta sinn. Viðbrögð af því tagi fela væntanlega í sér að viðkomandi spyrji ólíkt því sem tókast innan rannsóknarhefðar. Frá sjónarhóli heimspekinnar er það aftur á móti hið undursamlega við spyrjandi barn hve óhefðbundnar vangaveltur þess gjarnan eru.

¹¹ Um hið síðarnefnda sjá t.d. Jürgen Habermas, „Heimspekin sem staðgengill og túlkandi“, þýð. Davíð G. Kristinsson, *Hvað er heimspeki?*, bls. 221–244, hér bls. 242–243.

ingar um fræðamörk sem hér fylgja. Fyrir valinu urðu fáeinir fræðimenn úr hópi þeirra sem hvað mest hafa ritað um hrunið.¹² Á þeim grunni voru síðan valdir nokkrir textar sem þóttu henta vel fyrir samanburð á nálgun meginhöfundanna.

Mörk fræðilegrar og ófræðilegrar greiningar

Raunar hafa fleiri en háskólafolk fjallað um hrunið enda hefur um fátt jafn breiður hópur ritað á undanförunum árum. Því er einboðið að spyrja fyrst – áður en hugað er að markalínum milli fræðigreina – hvað greini fræðaskrif frá ófræðilegum textum.¹³ Þegar Janet E. Johnson o.fl. staðhæfa að bók Guðna Th. *Hrunið* sé ekki fræðilegs eðlis vaknar spurningin hvað skilji fræðilega umfjöllun frá ófræðilegri: „Flestar bækur um hrunið eru lýsandi eða skortir félagsvísindalega innsýn, til að mynda greinargerð Guðna Th. Jóhannessonar (2009) sagnfræðings um atburðina fyrir og eftir hrun, svo og tvær rannsóknir blaðamanna. [...] Einungis [bók Daniels] Chartier (2010) [*The End of Iceland's Innocence*] er fræðileg [...]. Sannfærandi teoretískar hugleiðingar er helst að finna í tímaritsgreinum, sérstaklega eftir Robert H. Wade og Sillu Sigurgeirsdóttur [...] og í tímaritinu *European Political Science*“ (sept. 2011).¹⁴

Samkvæmt þessu mati er bók Guðna Th. ekki fræðilegs eðlis, jafnvel þótt

¹² Þannig er t.d. fjallað ítarlega um skrif Jóns Gunnars Bernburg og meðhöfunda hans en ekkert um skrif annars félagsfræðings, Stefáns Ólafssonar, sem einnig birti mikið tengt hruninu. Valið stóð ekki á milli einstaklinga heldur á milli þeirrar aðferðafræði sem einkennir rannsóknir þeirra. Skrif þess fyrrnefnda urðu fyrir valinu, bæði sökum þess hve framandi ákveðin meginleg aðferðafræði er frá sjónarhóli félagsheimspekinnar og því áhugaverð til samanburðar við hana, sem og vegna þess hve útbreidd sú nálgun var meðal félagsvísindafólks sem rannsakaði hrunið. Varðandi úrval heimspekitekta skal tekið fram að þótt nokkrir heimspekingar hafi skrifað um endurskoðun stjórnarskrárinnar í kjölfar hrunsins eru þeir textar ekki til umfjöllunar hér þar eð viðfangsefnið og nálgunin þótti við fyrstu sýn ekki eins vel til fallin með hliðsjón af þeim rannsóknarspurningum sem eru í fyrirrúmi, t.d. varðandi ólíka afstöðu fræðigreina til kenninga og reynsluathugana.

¹³ Um slíkan greinarmun sjá m.a. Thomas F. Gieryn, „Boundary-Work and the Demarcation of Science from Non-Science. Strains and Interests in Professional Ideologies of Scientists“, *American Sociological Review* 6/1983, bls. 781–795; Wolf Lepenies, *Between Literature and Science. The Rise of Sociology*, þýð. Reginald J. Hollingdale, New York: Cambridge University Press, 1988; Benedikt Hjartarson, „Magnan af annarlegu viti“. Um strangvísindalega dulspeki Helga Þjeturss“, *Ritið* 1/2017, bls. 113–173.

¹⁴ Janet E. Johnson, Þorgerður Einarsdóttir og Gyða M. Pétursdóttir, „A Feminist Theory of Corruption. Lessons from Iceland“, *Politics & Gender* 2/2013, bls. 174–206, hér bls. 177.

hún sé ítarleg, hafi að geyma á annað þúsund tilvísanir í heimildir og höfundurinn sé doktor í sagnfræði. Með því að gefa ekki út hjá fræðibókaforlagi virðist höfundurinn sjálfur ýja að því að textinn sé ófræðilegur. Yfirbragð bókarinnar gefur það sömuleiðis til kynna: Undirtitillinn, kaflaheiti á borð við „Óveðursský“ og notkun blaðaljósmynda.¹⁵ Það er þó ekki þetta sem Johnson o.fl. draga fram, mati sínu til stuðnings, heldur að bókin sé „lýsandi og skorti félagsvísindalega innsýn“. Í fljótu bragði mætti ætla að Guðna Th. skorti slíkt innsæi sökum þess að hann er sagnfræðingur, sú fræðigrein heyrir undir hugvísindi og því sé ekki að vænta að hann varpi félagsvísindalegu ljósi á viðfangsefnið. Áhersla Johnson o.fl. er þó líkast til önnur, eins og lykilorðið „lýsandi“ gefur til kynna: Fræðitextar geta verið lýsandi að hluta til en skorti þá alfarið „teoretískar hugleiðingar“ geta þeir ekki talist fræðilegir.¹⁶

Sem andstæðu slíkra ófræðilegra texta tína Johnson o.fl. meðal annars til nokkrar ritrýndar tímaritsgreinar. Í hópi þeirra er grein Sillu Sigurgeirsdóttur og Roberts Wade.¹⁷ En hvers eðlis er sá texti? Um er að ræða ítarlega samantekt á efnahagslegri og pólitískri þróun á Íslandi frá 19. öld og fram yfir kreppu. Greinin er vel skrifuð og það eina sem kemur í veg fyrir að hún hefði getað birst í fágudu dagblaði eða vikuriti virðist vera lengdin. Því blasir ekki við hví telja beri þennan texta sérlega fræðilegan í samanburði við bók Guðna Th. Í textanum er vitaskuld greining á þróun mála en hafi hann að geyma „teoretískar hugleiðingar“ hvaða merking er þá lögð í orðið *teoría* hér? Er átt við að kenningum sé beitt við greiningu á þróun mála? Höfundarnir vísa ekki til kenninga í grein sinni og engin auðséð merki eru um óbeina notkun þeirra.

Íslenska framlagið í tétu fagtímariti, grein Baldurs Þórhallssonar stjórn-

¹⁵ Sjá Guðni Th. Jóhannesson, *Hrunið. Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*, Reykjavík: JPV, 2009.

¹⁶ Í *Lesbók Morgunblaðsins* (4. júní 2009) segir Jón Ólafsson heimspekingur í ritdómi að *Hrunið* sé „gagnlegt yfirlit“, að Guðni Th. sé „sérlega flinkur við að draga saman upplýsingar“ og forðist „upphrópanir“. Þrátt fyrir „blaðamennskueðli bókarinnar“ tekur Jón fram: „Vinnubrögð sagnfræðingsins leyndu sér hinsvegar ekki, Guðni er miklu vandvirkari og nákvæmari í meðferð heimilda en algengast er í ritum af þessu tagi, og frásögnin er fagmannlega uppbyggð.“ *Hrunið* er þannig í grunninn „blaðamennskurit“ en frábrugðið þeim flokki að því leyti sem akademísk handverkskunnátta höfundar skín í gegn. Eins og Johnson o.fl. virðist Jón þeirrar skoðunar að bókin sé fyrst og fremst lýsandi en ólíkt þeim nefmir hann ekki kenningaskort sem ástæðu þess að verkið geti ekki talist fræðilegt, heldur það að í „frásögn sinni forðast Guðni að draga ályktanir“ svo og „alla greiningu á atburðunum“.

¹⁷ Silla Sigurgeirsdóttir og Robert Wade, „Lessons from Iceland“, *New Left Review* 65/2010, bls. 5–29.

málafræðings,¹⁸ hefur auðsærri fræðiblæ en texti Sillu og Wade. Hjá Baldri er þó sömuleiðis hluti textans endursögn á þróun mála. Mislöng upprifjun af þessu tagi er algeng í enskum textum íslensks háskólafélks um kreppuna. Hún gæti reynst erlendum fræðimönnum mikilvægur liður í því að skilja hrunið hérlendis en þessir textahlutar hafa þó engin fræðileg einkenni. Út frá þessu smávægilega sérkenni mætti spyrja hvort fræðitextar séu yfirleitt fræðilegir frá upphafi til enda, þ.e. hafi eingöngu að geyma fræðilega textahluta, eða hvort þeir séu oftast en ekki aðeins á köflum fræðilegir. Sé það svo skilja þeir sig ekki í einu og öllu frá ófræðilegum skrifum heldur aðeins að hluta. Þannig mætti spyrja hve stór hluti texta verði að vera fræðilegur til að hann teljist það í heild sinni – og öfugt: hve viðamikill getur textahluti verið, sem hefur fræðilegt yfirbragð hvað form eða innhald varðar, án þess þó að textinn í heild sinni sé álitinn fræðilegur?

Jafnframt má spyrja hvort ávallt séu glöggar markalínur milli hugleiðinga sem settar eru fram af háskólafélki og annarra. Þannig álitur Ólafur Páll Jónsson, heimspekingur við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, til að mynda að sumar greiningar sínar á kreppunni sé að finna í annarri mynd utan akademíunnar. Sjálfur færir hann rök fyrir því að það hafi færst í aukana fyrir hrun „að stjórnámálamenn líta á sig sem valdsmenn“ en „Jón Kalman Stefánsson lýsir svipaðri hugsun“.¹⁹ Sé þetta mat heimspekingsins rétt er það varla hugleiðingin sem slík sem er fræðileg eða ófræðileg heldur fremur framsetningin og rökfærslan. Þannig er orðalag heimspekingsins meira abstrakt að því leyti sem hann talar t.d. um tvíeðli ríkisins: þannig „skiptir ríkið um eðli, það umskiptist frá því að vera sameinandi afl yfir í að vera sundrandi afl“.²⁰ Auk þess tengir Ólafur Páll greiningu sína við hugmyndir annarra heimspekingsa.

Þar eð þessi hluti fræðigreinar Ólafs Páls hafði áður birst undir yfirskriftinni „Aflsmunir, vitsmunir og íslenskt samfélag“ í *Lesbók Morgunblaðsins* (31. jan. 2009) og Jón Kalman birti grein sína „Nýtt Ísland, nýtt lýðveldi“ í *Fréttablaðinu* (15. jan. 2009) mætti einnig líta svo á að hér tali þeir ekki í nafni fræðimennskunnar og skáldskaparins heldur komi báðir fram sem ‚gáfumenn‘ á opinberum vettvangi fjölmiðla. Frá þeim sjónarhóli mætti spyrja hvort sá textahluti Ólafs Páls úr *Morgunblaðinu* sem var endurbirtur í fræðigreini hans

¹⁸ Baldur Þórhallsson, „Domestic Buffer Versus External Shelter. Viability of Small States in the New Globalised Economy“, *European Political Science* 3/2011, bls. 324–333.

¹⁹ Ólafur Páll Jónsson, „Lýðræði, réttlæti og haustið 2008“, *Skírnir* 2/2009, bls. 281–307, hér bls. 292.

²⁰ Sama rit, bls. 290.

„Lýðræði, réttlæti og haustið 2008“ sé áfram ófræðilegs eðlis eða verði fræðilegri er hann birtist óbreyttur á ritrýndum vettvangi – svipað því þegar verk verður að fullgildu listaverki þegar því er stillt upp á listsýningu.

Í *Hvítu bókinni* eftir Einar Mát Guðmundsson er fjallað með öðrum hætti um hrundið en tíðkast innan fræðasamfélagsins. Skáldið líkir bankakerfi landsins við tvífaru úr bókmenntaverkum og segir „aðsópsmikla“ bankastjóra hafa tekið „sem svaraði Nóbelsverðlaunum í mánaðarlaun“. ²¹ Hann segir þá „sem aurarnir gerðu að öpum“ hafa verið „götustrákar“ sem þóttu „töff“ og líkir þeirra „gjörningum við verk djöfulsins í *Meistarinn og Margaríta*“. ²² Forsetann nefnir hann „húskarl auðkýfinga“ sem hafi „niðurlægt lýðveldið“ og sérfræðingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins birtast „einsog sendiherrar frá tunglinu“. ²³ Skáldið álitur „Viðskiptaráð hafa framið hér eins konar valdarán“ og frjálshyggjuna vera „uppskrift að ómerkilegri hegðun“. ²⁴ Og hver ef ekki skáldið getur sagt okkur gísla „á lögreglustöð heimskapítalismans“ og að „reikningurinn“ hafi verið skilinn „eftir á veitingahúsi hans“. ²⁵ Vart þarf að fara mörgum orðum um muninn á þessari framsetningu skáldsins og fræðilegum stíl. Sjálfur gerir Einar Mát greinarmun á samfélagsrýni skálda og háskólamanna ekki að viðfangsefni með beinum hætti en drepur þó á þessum mun út frá ljóðlistinni: „Ekki heimspekin, ekki guðfræðin, ekki rök-vísín, og því síður stjórnmálin geta sagt þann sannleika sem ljóðið virðist taka á hælinn. Þar koma til töfrar, töfrar tungumálsins [...] en ljóð verður til þegar hugsun og tilfinningar renna saman.“ ²⁶ Þannig koma til dæmis röklegir textar háskólasamfélagsins víða inn á það að Færeyingar voru fyrstir til að bjóða Íslendingum lán eftir hrun. Skáldið aftur á móti gerir þennan sama vinargreiða óbeint að viðfangi með stíltöfrum einfaldleikans: „Þegar ég hugsa um Færeyinga hugsa ég um norðurljósin.“ ²⁷

Ófræðilegt orðafar skáldsins breytir engu um það að *Hvíta bókinn* hefur að geyma hugleiðingar sem finna má í annarri mynd í tilfinningasnauðum fræðigreiningum á hruninu. Einar Mát þarf ekki að hafa lesið Lyotard til að minnast í framhjáhlaupi á „afstöðuleysi póstmódernismans“ en víst er að víða skarast umfjöllun hans um góðæri og hrun við greiningar háskóla-

²¹ Einar Mát Guðmundsson, *Hvíta bókinn*, bls. 12.

²² Sama rit, bls. 63, 25.

²³ Sama rit, bls. 57, 81.

²⁴ Sama rit, bls. 16, 38.

²⁵ Sama rit, bls. 23.

²⁶ Sama rit, bls. 59.

²⁷ Sama rit, bls. 50.

samfélagsins.²⁸ Þrátt fyrir sérstöðu hvað orðfæri varðar gerði hann snemma að viðfangsefni fjölmargt sem síðar var tekið fyrir í fræðilegum rannsóknum, t.d. hvort „persónuleikabresti[r]“ hafi ýtt undir kreppuna eða hvort fremur beri að líta á hana sem „innbyggða tilhneigingu í kerfinu“.²⁹ Eftirfarandi spurningu Einars Más var sömuleiðis ítrekað velt upp innan akademíunnar: „fólk af öðru þjóðerni [...] kom inn og vann störfin. Hvernig litum við á þetta fólk?“³⁰

Hjá Einari Má vottar jafnframt í mýflugumynd fyrir einu sérkenni fræðilegra greininga á kreppunni: samanburði við önnur lönd og aðra tíma.³¹ Hann ber hrunið á Íslandi stuttlega saman við fjármálakreppur í Ekvador og á Jamaíku – en með ófræðilegum hætti, m.a. að því leyti að ekki er vísað til heimilda. Og við greiningu á samfélagsástandinu hérlandis vísar skáldið ekki, að hætti félagsvísinda, til kerfisbundinna reynslurannsókna máli sínu til stuðnings, heldur svipar ókerfisbundinni „aðferð“ hans fremur til þess sem heimspekingar virðast gera er þeir draga ályktanir af hversdagsreynslu. Þannig hafi „stór hluti æskulýðsins verið týndur í tækjadyrkun og peningasnobbi“³² fyrir hrun, en við fáum engar upplýsingar um það á hvaða athugunum skáldið byggir greiningu sína.

²⁸ Sama rit, bls. 18.

²⁹ Sama rit, bls. 37.

³⁰ Sama rit, bls. 60. Sjá t.d. Linda B. Pálmadóttir, Jón G. Bernburg, Anna S. Víkingsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir, „Fordómar og umburðarlyndi Íslendinga fyrir og eftir hrun“, *Rannsóknir í félagsvísindum XII. Félags- og mannvísindadeild*, ritstj. Ása G. Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2011, bls. 421–427; Małgorzata Budyta-Budzyńska, „The Icelandic Financial Crisis and Adaptation Strategies by Poles in Iceland“, *Integration or Assimilation? Polish Immigrants in Iceland*, ritstj. Małgorzata Budyta-Budzyńska, Varsjá: Wydawnictwo Naukowe Scholar, 2011, bls. 87–118; Anna Wojtyńska og Małgorzata Zielińska, „Polish Migrants in Iceland Facing the Financial Crisis“, *Rannsóknir í félagsvísindum XI. Félags- og mannvísindadeild*, ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2010, bls. 1–11.

³¹ Sjá t.d. Helgi Gunnlaugsson og Enrique D. A. Ibanez, „Iceland’s (2008) and Argentina’s (2001) crises. Are there any similarities?“ *La Circumpolaridad Como Fenómeno Sociocultural. Pasado, Presente, Futuro*, ritstj. Enrique D. A. Ibanez, Buenos Aires: Universidad de Buenos Aires, 2010, bls. 41–50; Már W. Mixa og Þröstur O. Sigurjónsson, „Lessons Not Learned. Iceland’s Financial Crisis Compared to the Nordic Countries“, *Financial Crises. Identification, Forecasting and Effects on Transition Economies*, ritstj. Cooper A. Hawthorne, New York: Nova Science Publishers, 2013, bls. 129–146.

³² Einar Már Guðmundsson, *Hvíta bókin*, bls. 18.

„Enginn tók lengur strætó“, fullyrðir skáldið.³³ Lesandinn veit ekki hvort það grundvallar þessa athugun á eigin strætóferðum, frásögnum annarra strætisvagnanotenda eða upplýsingum úr fjölmiðlum. Einar Már virðist ekki jafn bundinn mótsagnarlög málinu og meðlimir háskólasamfélagsins því að síðar í bókinni gerir hann réttilega eftirfarandi athugasemd: „Góðærið var ekkert hjá öllum.“³⁴ Kæmu báðar staðhæfingarnar fyrir í einum og sama fræðitextanum bæði ritrýnir höfundinn væntanlega um að endurskoða það sem í fljótu bragði stangast á, þ.e. ef góðærið var *ekki* hjá öllum, hví hættu þá *allir* að taka strætó? Á hinn bóginn gæti skáldinu, sem eitt síns liðs skrifaði rösklega bók um hrúnið, þótt fræðileg umfjöllun um strætisvagnanotkun fyrir og eftir hrún nokkuð töfrasnauð og furðað sig á því að fjóra höfunda þurfi til að skrifa átta blaðsíðna fræðigreina um samgönguhegðun Reykjavíkurbúa á tímum efnahagskreppu, þ.e. ekki aðeins nemandann sem gerði meistaraprófsrannsókn árið 2009, m.a. á ferðavenjum höfuðborgarbúa, heldur eru einnig leiðbeinendur hennar tveir prófessorar við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands, auk prófessors við bandarískan háskóla skrifaðir fyrir greininni. Hefði hún birst áður en Einar Már lauk við *Hvítu bókina* hefði hann hér m.a. getað lesið sér til um að samkvæmt ferðavenjukönnun Gallup árið 2002 voru strætófarþegar 4% af heildarhlutfalli bifreiðafarþega á höfuðborgarsvæðinu.³⁵ Það er undir hælinn lagt hvort þekking skáldsins á slíkum rannsóknum háskólasamfélagsins á strætóferðum Reykjavíkurbúa hefði dregið úr skáldlegri lýsingu þess á strætisvagnanotkun fyrir hrún, enda sæmir setningin – „Enginn tók lengur strætó“ – fremur höfundi sem gengið hefur skáldskapargyðjunni á hönd en tölfræðigreiningar akademíunnar. Fullyrðingin er að vísu röng þar eð notkun strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu jókst jafnt og þétt frá því að talning hófst árið 2005 og minnkaði síðan tímabundið *eftir* hrún. Einar Már hefði ekki þurft að grípa til fræðilegra greininga til að komast að þessu enda telur Strætó bs. innstig í vagna sína og íslenskir fjölmiðlar birtu reglulega fréttir af árlegri fjölgun fargesta.

Er þessi smávægilega staðhæfing sú eina í *Hvítu bókinni* sem stæðist ekki nánari skoðun háskólafélks? Séu þær fleiri, skiptir það þá máli? Hvert var

³³ Sama rit, bls. 12.

³⁴ Sama rit, bls. 61.

³⁵ Guðmundur F. Úlfarsson, Anne Steinbrenner, Trausti Valsson og Sungyop Kim, „Urban household travel behavior in a time of economic crisis. Changes in trip making and transit importance“, *Journal of Transport Geography* 49/2015, bls. 68–75, hér bls. 69.

markmið Einars Más? Myndi það bæta verkið til muna ef ónákvæmni af fyrrgreindum toga væri lagfærð eða lýtur samfélagsrýni skálds öðrum lög-
málum hvað þetta varðar? Hvað sem því líður er víst að bókin er gædd meiri
töfrum og tilfinningum en meðaltextar háskólasamfélagsins. Auk þess er
hún beittari en flest skrif sem þaðan eru runnin, enda ekki laus við „pólítísk
sjónarmið sem forðast verður í fræðilegri greiningu“.³⁶

Sé rétt hjá Janet E. Johnson o.fl. að bók Guðna Th. um *Hrunið* sé
ófræðileg þá er hún það að hluta til með öðrum hætti en *Hvíta bókin*. Látum
þetta gott heita um markalínur milli fræðilegra og ófræðilegra greininga á
kreppunni og skoðum næst að hvaða leyti fólk úr ólíkum vísindagreinum
nalgast viðfangsefnið á mismunandi hátt.

Markalínur milli fræðigreina

Stundum er litið svo á að fræðamörk séu „náttúruleg“, að innan hvernar
fræðigreinar sé sérstakri aðferð beitt á afmarkað viðfangsefni sem skilji hana
nokkuð skýrt frá öðrum greinum vísinda og að þær skarist að takmörkuðu
leyti. Í þeim tilfellum þegar fræðafólk veltir fyrir sér mörkum eigin fræða og
annarra er það ósjaldan tengt hugmyndinni um þverfræðilega samvinnu.³⁷
Undirliggjandi forsenda slíkra samstarfshugmynda er hins vegar að fræða-
mörk séu nokkuð glögg. Þau geri það að verkum að sjónarhorn stakrar
vísindagreinar sé takmarkað og að margslungin viðfangsefni útheimti því
stundum samvinnu fræðigreina. Slíkt samstarf dregur þó ekki endilega skýr-
ar markalínur vísindagreina í efa. Vísindasagnfræðingur minnir okkur þó
á „að markalínur milli vísindagreina eru hvorki skýrar né fyrirfram gefnar,
heldur mannanna verk“.³⁸ Og í formála að greinasafni um Björgu C. Þor-
láksson vekur mannfræðingur máls á því að „fram undir miðja tuttugustu

³⁶ Alda Björk Valdimarsdóttir og Guðni Elísson, „Og eftir sitjum við með sektar-
kennd í brjósti“. Hallgrímur Helgason og íslenska efnahagshrunið“, *Ritið* 2/2012,
bls. 169–197, hér bls. 170.

³⁷ Um þverfræðileika sjá t.d. Julie T. Klein, *Interdisciplinarity. History, Theory, and Prac-
tice*, Detroit, MI: Wayne State University Press, 1990; Vilhjálmur Árnason, „Sen-
sible Discussion in Bioethics. Reflections on Interdisciplinary Research“, *Cambridge
Quarterly of Healthcare Ethics* 3/2005, bls. 322–328; óbirt erindi Gunnars Harðar-
sonar, „Þróunarbrautir og þvergirðingar. Um hindranir og hugtök í þverfræðilegu
samstarfi“ (á Háskólafundi H.Í. 18.2.2005); Uskali Mäki, „The Philosophy of Inter-
disciplinarity. What? Why? How?“, *European Journal for the Philosophy of Science*
3/2016, bls. 327–342.

³⁸ Þorsteinn Vilhjálmsson, *Heimsmynd á hverfanda hveli*, 1. bindi, Reykjavík: Mál og
menning, 1986, bls. 54.

öld tíðkaðist að menn öfluðu fanga í verk sín án þess að vera sérlega upp-
teknir af mörkum fræðigreina. Fræðimennska Bjargar er af þessum toga.³⁹
Í einfölduðu máli má segja að á síðari hluta tuttugustu aldar hafi fræðamörk
sumra ungra vísindagreina orðið ósveigjanlegri en að undir aldarlok hafi
markalínur milli vissra fræðigreina verið farnar að dofna á ný. Þannig skrifar
sagnfræðingur á aldamótum um rannsóknir „á samfélögum og menningu
þeirra. Síðustu áratugi hefur mikil áhersla verið lögð á menningarsögu, með
þeim afleiðingum að hin hefðbundnu fræðamörk milli sagnfræðinga og t.d.
bókmenntafræðinga hafa að hluta til þurrkast út. Því er oft erfitt að sjá hvort
það er sagnfræðingur eða bókmenntafræðingur sem situr við lyklaborðið.“⁴⁰
Þessar vangaveltur um miðaldafræði mætti, að breyttu breytanda, yfir-
færa á rannsóknir á samfélagi og menningu hérlendis fyrir og eftir hrun:
Hversu líkar eru rannsóknir ólíkra fræðigreina á kreppunni? Þótt vissulega
séu einhver sérkenni á skrifum um hrúnið eftir vísindagreinum vekur það
athygli að fræðamörk eru hér ekki alltaf jafn skýr og við eigum að venjast.
Rannsóknir grannvísinda eru á heildina litið innbyrðis áþekkari en vænta
mætti af þeim fjölda fræðigreina sem hér er rýnt í. Því má spyrja hvort óskýr
fræðamörk endurspegli þróun innan háskólasamfélagsins undanfarin ár og
áratugi. Eða eru rannsóknir íslensks háskólafélks á hrúninu ódæmigerðar
fyrir fræðamörk að því leyti sem fræðimenn úr mismunandi greinum vísinda
höfðu allir greiðan aðgang að sömu skýrslum, fjölmiðlum, blaðaskrifum,
bloggsíðum og voru sjálfir að einhverju leyti í persónulegum tengslum við
viðfangsefnið? Gera þessar fágætu rannsóknaraðstæður það að verkum að
skrif fræðafólks úr ólíkum vísindagreinum um hrúnið eru áþekkari en væri
tilfellið ef viðfangsefnið væri annað og fjarlægara?

Greining á þróun markalína milli heimspeki og skyldra fræðigreina
undanfarna áratugi myndi sprengja ramma þessarar rannsóknar. Hér verður
að nægja að skoða fræðamörkin eins og þau birtast í rannsóknum á hrúninu.
Hvað skilur sjónarhorn einnar vísindagreinar frá sjónarhorni annarrar? Er
það að endingu persónuleg nálgun hvers og eins sem í litlu háskólasamfélagi
ræður meiru um sérkenni niðurstöðunnar en fræðigreinin sem viðkomandi
er fulltrúi fyrir? Er nálgun hugvísinda áþreifanlega önnur en félagsvísinda,
verklag vísindagreina af sama fræðasviði innbyrðis áþekkari en aðferðir ann-
arra vísindasviða? Að hvaða leyti greina aðferð, efnistöð, reynslugögn og

³⁹ Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, „Formáli“, *Björg. Verk Bjargar C. Þorláksson*, ritstj. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Reykjavík: JPV, 2002, bls. 7–18, hér bls. 8.

⁴⁰ Jón Viðar Sigurðsson, „Allir sem sjá líta þó ekki jafnt á. Sagnaritun um íslenskar miðaldir fram um 1300“, *Saga* 38/2000, bls. 33–57, hér bls. 33.

kenninganotkun mannfræðinga sig til dæmis frá greiningu heimspekings, félags- eða sagnfræðinga á kreppunni? Þýr félags- eða menningarmannfræðin yfir sérstöku sjónarhorni sem á rætur að rekja til rannsókna á ‚frumstæðum‘ þjóðflokkum og nýtist nú við rannsóknir á afleiðingum ‚spilavítiskapítalismans‘? Er heimspekin greining án reynslurannsókna eða þarfnast hún frammi fyrir hruninu reynslugagna ekki síður en félagsvísindin sem vinna einfaldlega úr þeim með kerfisbundnari hætti? Greinir heimspeki sig frá vísindum að því leyti sem sumar undirgreinar hennar eru boðandi (e. *normative*)? Eða er víða að finna forskriftir í fræðilegum rannsóknum á hruninu? Er þörf á sérstakri undirgrein heimspeki sem greinir viðskiptamenningu eða viðskiptasiðferði síðfræðilega eða gætu félagsvísindin allt eins tekið að sér slíka menningargreiningu viðskiptalífsins? Hér er ekki svigrúm til að veita aðskilin svör við öllum þessum spurningum heldur er þeim varpað fram í því skyni að draga upp mynd af rannsóknarsviðinu sem um ræðir.

Fyrirnefnt mat Johnson o.fl. að *Hrunið* eftir Guðna Th. sé einungis lýsandi og þannig frábrugðið teoretískum hugleiðingum minnir okkur á að hugtakið *teoretískur* merkir m.a. „fræðilegur; sem varðar kenningu“.⁴¹ Þessi tvöfalda merking endurspeglar það viðhorf að texti geti ekki talist fræðilegur nema að í honum sé – í einhverjum mæli – stuðst við (fræðilegar) kenningar. Þar að auki má vænta þess að í teoretískum texta sé m.a. glímt við (fræðilegar) tilgátur, að notast sé við abstrakt hugtök, að hann sé ekki fyrst og fremst hagnýtur. Í ljósi þess að fræðafólk álitur eigin rannsóknir á hruninu greina sig frá ófræðilegri umfjöllun að því leyti sem þær varða (a.m.k. að hluta til) kenningar, skulum við skoða nokkur dæmi um kenninganotkun íslenskra fræðimanna við greiningu á kreppunni til að öðlast innsýn í það hvernig kenningum sem og tilgátum, reynsluathugunum og hugtökum er beitt með ólíkum hætti innan nokkurra skyldra fræðigreina.

Hugmyndir og kenningar

Öll vísindi eru að hluta til kennileg en heimspekin er þó í hópi þeirra fræðigreina sem komast næst því að vera hrein teoría. Rýnum því fyrst í skrif nokkurra íslenskra heimspekings um kreppuna til að öðlast innsýn í verklag fræðigreinarinnar, þ.á m. það hvaða hlutverki kenningar gegna þar.⁴² Önnur

⁴¹ *Íslensk orðabók*, ritstj. Árni Böðvarsson, Reykjavík: Mál og menning, 1992, bls. 1039.

⁴² Eins og í tilviki grannvísindanna er aðferðafræði heimspekinnar hér fyrst og fremst skoðuð út frá hluta af því sem heimspekings skrifuðu um hrunið. Hér er því ekki á ferð tæmandi útlitun á aðferðafræði heimspekinnar heldur eru dregin fram nokkur einkenni hennar.

þeirra greina sem Ólafur Páll Jónsson birti skömmu eftir hrun nefnist „Lýðræði, réttlæti og haustið 2008“.⁴³ Algengt er að hugsuðir fjalli með almennum hætti um fyrirbæri á borð við lýðræði og réttlæti en sjaldnar hugleiða þeir í nafni heimspekinnar tímabil á borð við haustið 2008. Þótt umfjöllunarefnið sé afmarkað í tíma og rúmi spyr höfundurinn í anda heimspekinnar jafnframt almennra spurninga: „Hvað er ríkið?“, „Hvað er samfélag?“, og staðbundnari almennra spurninga eins og „hvað það þýði að íslenskt samfélag sé eiginlegt *samfélag*“ eða „hvað við yfirleitt meinum [...] með því að Ísland sé lýðræðisríki“.⁴⁴ Ólafur Páll metur grundvallarvanda íslensks samfélags fyrir hrun svo að „sjálft réttarríkið skorti siðferðilega réttlætingu“.⁴⁵ Hann stýðst í því sambandi við hugmynd sem hafi verið ráðandi í sögu heimspekinnar: „Sú hugmynd er ekki óumdeild en verður að teljast ríkjandi. Meðal talsmanna þess að réttarríkið þurfi á slíkri réttlætingu að halda má nefna Platon og Aristóteles úr fornöld Grikklands, Tómas af Aquino frá 13. öld, seinni tíma heimspekinga eins og Immanuel Kant og John Stuart Mill, og loks ýmsa sem telja má samtímaheimspekinga, allt frá Hönnuh Arendt til Johns Rawls.“⁴⁶ Hér má sjá að heimspekin hefur nokkra sérstöðu að því leyti að innan hennar má vísa, máli sínu til stuðnings, til samtímaheimspekinga jafnt sem hugsuða fyrri alda og árbúsunda.⁴⁷

Það sem Ólafur Páll sækir hér til liðinna heimspekinga er kynnt til sögunnar sem *hugmynd* og ekki er leitast við greina það hugtak frá hversdagslegri notkun þess, t.d. þeirri „hugmynd [...] að skuldum vafið fólk skyldi taka sig saman og hætta að borga af skuldum sínum“.⁴⁸ Enginn eðlismunur virðist vera á heimspekilegum og hversdagslegri hugmyndum og því getur sama hugtak vísað til hvors tveggja: „þótt hugmyndin um samfélagið sem samvinnuvettvang – frekar en t.d. samkeppnisvettvang – kunni að hljóma framandi, þá er hún í raun kunnugleg og birtist í hversdagslegum frumhugmyndum um stöðu borgaranna í samfélaginu.“⁴⁹ Heimspekingar virðast

⁴³ Seinni kreppugreinin hefst á heimspekilegri hugtakagreiningu á „margs konar merkingu orðsins *kreppa*“. Ólafur Páll Jónsson, „Kreppa, náttúra og sálarlíf“, *Ritið* 2–3/2009, bls. 97–112, hér bls. 97.

⁴⁴ Ólafur Páll Jónsson, „Lýðræði, réttlæti og haustið 2008“, bls. 290, 284, 281.

⁴⁵ Sama rit, bls. 287.

⁴⁶ Sama rit, bls. 287.

⁴⁷ Annar heimspekingur sem vísar til hugsuða fornaldar í hugleiðingum um kreppuna er Róbert Jack, „Skyggniáfa eða almenn sannindi? Platon um íslenska efnahagshrunið“, *Ritið* 3/2010, bls. 131–136.

⁴⁸ Ólafur Páll Jónsson, „Lýðræði, réttlæti og haustið 2008“, bls. 284.

⁴⁹ Sama rit, bls. 289.

Þannig styðjast við hversdagslegar hugmyndir sem og hugmyndir annarra hugsuða. Þannig byggir Ólafur Páll á einum stað t.d. „að verulegu leyti á hugmyndum Páls Skúlasonar“, í öðru samhengi „fylgi ég John Rawls“.⁵⁰ Hugsuðir vísa til annarra hugsuða og hugmyndir þeirra til annarra heimspökilegra hugmynda: „þegar spurt er um siðferðilegan grundvöll samfélagsins þá vísar svarið annars vegar til hugmyndarinnar um lýðræði [...] og hins vegar til hugmyndarinnar um réttarríki, þ.e. til þess hver sé grundvöllur réttmætra laga og þar með réttmætrar valdbeitingar ríkisins. Þetta seinasta atriði birtist með skýrum hætti í greiningu Tómasar af Aquino á eðli laga“.⁵¹ Af þessu að dæma virðast hugmyndir heimspökinga m.a. fela í sér greiningu á grundvallaratriðum og skilyrðum. Auk þess eru þær mögulega flóknari en sumar hversdagshugmyndir að því leyti sem þær hafa að geyma þætti á borð við forsendur og almennar afleiðingar: „Kjarninn í hugmynd Tómasar af Aquino er að til þess að valdboð geti haft lagagildi, en sé ekki bara ofbeldi hins sterka, þá verður að vera hægt að réttlæta valdboðið á þeirri forsendu að það stuðli að almannaheill“.⁵² Heimspökilegar hugmyndir af þessu tagi virðist allt eins mega nefna *hugsun*, t.d. „þá hugsun [...] að ríki sem ekki er réttlátt skorti *grundvöll*“.⁵³

Hugmyndin sem er í miðdepli hjá Ólafi Páli er „frjálshyggja; sú hugmynd að frelsi sem grundvallast á eignarrétti sé mikilvægasti réttur borgaranna og að þennan rétt megi ekki skerða nema undir sérstökum kringumstæðum“.⁵⁴ Þessa hugmynd, frjálshyggjuna, virðist allt eins mega nefna *kenningu*. Ólafur Páll talar um „ólíkar kenningar um félagslegt réttlæti [...] t.d. jafnaðarstefnu og frjálshyggju“ og um „kenningu Rawls“,⁵⁵ enda nefnist meginrit hans *Kenning um réttlæti*, andsvar heimspökingsins og hagfræðingsins Amartya Sen við því hins vegar *Hugmyndin um réttlæti*.⁵⁶ Auk Rawls og Sen vísar Ólafur Páll til greinar þar sem Þorsteinn Gylfason heimspökungur taki „til skoðunar kenningar nokkurra helstu hugmyndafræðinga frjálshyggjunnar“.⁵⁷ Texti Þorsteins er sömuleiðis dæmi um það hvernig heimspökungar

⁵⁰ Sama rit, bls. 290, 294.

⁵¹ Sama rit, bls. 288.

⁵² Sama rit, bls. 288.

⁵³ Sama rit, bls. 291.

⁵⁴ Sama rit, bls. 304.

⁵⁵ Sama rit, bls. 295, 297.

⁵⁶ John Rawls, *A Theory of Justice*, Oxford: Clarendon Press, 1971; Amartya Sen, *The Idea of Justice*, London: Allen Lane, 2009.

⁵⁷ Ólafur Páll Jónsson, „Lýðræði, réttlæti og haustið 2008“, bls. 283.

nota iðulega *kenningu* og *bugmynd* nánast sem samheiti. Þannig talar hann um „verðleikatilgátu eða verðleikakenningu um réttlæti“, þ.e. „verðleikahugmyndin (eða tilgátan, kenningin) um réttlæti“.⁵⁸

Það að heimspekingar nefni hugmyndir *kenningar* og kenningar *bugmyndir* er ekki afgerandi svo lengi sem innbyrðis ríki sátt um að þetta séu í sumum tilvikum nokkurs konar samheiti. Frá sjónarhóli vísindanna, þar sem *bugmynd* er mögulega síður aðferðafræðilegt grunnhugtak en *kenning* og *tilgáta*, vaknar þó spurningin í hvaða skilningi hugmyndir heimspekinga eru kenningar. Er notkun heimspekinga á hugtakinu *kenning* iðulega frjálsgleri en tíðkast í vísindum? Eru kenningar heimspekinga kenningar í vísindalegum skilningi? Ólafur Páll notar hugtakið *kenning* til að mynda í tengslum við lögmál réttlætisins. Slík lögmál virðast ekki vera úr tengslum við hugmyndir fólks almennt, enda má í hversdagslegum skilningi segja: „þau lögmál réttlætisins, sem einkenna samfélagið, birtast fólki“.⁵⁹ Frá kennilegu sjónarmiði er það svo að „[g]rundvallarlögmál réttlætisins eru ekki heildstæð kenning um réttlæti fyrir ríkið heldur einungis fyrsta skrefið í slíkri kenningu“.⁶⁰ Af þessu má ráða að heimspekikenningar megi reisa á grundvallarlögmálum og í nokkrum áföngum. Auk þess kemur fram að „lögmálin eiga við um grunngerð samfélagsins“⁶¹ og snúa þannig að grundvallaratriðum. „Það er síðan hlutverk lögmála réttlætisins að skilgreina nánar á hvaða forsendum menn búa saman í samfélagi.“⁶² Innsýn í tengsl forsendna og kenninga í stjórnspeki fáum við meðal annars hér: „Sú forsenda að borgararnir séu frjálsir er því ókláruð þangað til gerð hefur verið grein fyrir því hvað *réttmæt* frelsis-skerðing sé, og slík greinargerð hlýtur að kalla á kenningu um hvað réttlæti sé.“⁶³ Kenningin varpar þannig ljósi á inntak forsendnanna og forsendurnar liggja kenningunni til grundvallar.

Nú þegar einhver innsýn hefur fengist í kenningasmíð stjórnspekinga má spyrja hvernig þeir leggja mat á heimspekilegar hugmyndir eða kenningar. Er það svipað því þegar vísindafólk kappkostar að staðfesta eða hrekja

⁵⁸ Þorsteinn Gylfason, „Hvað er réttlæti?“, *Skírnir* 1984, bls. 159–222, hér bls. 159. Í andsvari notast annar heimspekingur sömuleiðis við hugtökin verðleikahugmynd jafnt sem verðleikakenning. Eyjólfur Kjalar Emilsson, „Verðleikar og sannleikur. Þorsteinn Gylfason um réttlæti“, *Tímarit Máls og menningar* 2/1985, bls. 232–240.

⁵⁹ Ólafur Páll Jónsson, „Lýðræði, réttlæti og haustið 2008“, bls. 287.

⁶⁰ Sama rit, bls. 290.

⁶¹ Sama rit, bls. 297.

⁶² Sama rit, bls. 296.

⁶³ Sama rit, bls. 294–295.

kenningu eða tilgátu? Hvers eðlis eru þessar hugmyndir eða kenningar sem heimspekingar þróa, endurmóta, aðhyllast eða hafna, kenningar, sem – ólíkt vísindum – styðjast sjaldnast kerfisbundið við reynslugögn⁶⁴ og byggjast iðulega á óhrekjanlegum forsendum.⁶⁵ Tilgátur vísindanna má í flestum tilvikum staðfesta eða hrekja, forsendur heimspekinga hins vegar sjaldnast: „það er á einhverskonar svona forsendum sem sérhver kenning um réttlæti í samfélagi hlýtur að byggjast. Vitanlega geta menn haldið fram öðrum forsendum“.⁶⁶ Í stað þess að hrekja eða staðfesta verða stjórnspekingar að láta sér nægja að meta hvað þeim finnst sannfærandi. Þannig getur heimspekingi til dæmis þótt rök fyrir „grundvallaratriðum réttlætisins“ vera „sannfærandi rök“ eða rökfærslan ekki góð.⁶⁷ „Ég er sammála John Rawls um að réttlæti sé æðsta dygð stofnana samfélagsins“ skrifar Ólafur Páll en sá fyrrnefndi „hafnar t.a.m. réttlætishugmyndum frjálshyggjunnar“.⁶⁸ Meginástæða þess að heimspekingur er sammála hugmyndum eins stjórnspekings um samfélagið frekar en annars virðist ótengd því hvort viðkomandi hafi áþekka samfélagssýn og skoðanasystir eða -bróðir hans, vilji til að mynda frekar búa í samfélagi sem reist er á einhverjum ákveðnum grundvelli. Viljinn virðist hér ekki eiga að ráða för heldur einvörðungu gæði rökfærslunnar.

Þótt Ólafur Páll fari ekki leynt með að hann aðhyllist aðra samfélagssýn en frjálshyggjumenn setur hann ekki afstöðu sína fram sem persónulega afstöðu, eigin ósk um þjóðfélagsgerð framtíðarinnar, einkaskoðun á því sem skiptir máli í lífinu. Í anda heimspekinnar, fræðigreinar sem hugar fremur að hinu almenna en hinu einstaka, færir hann almenn og ópersónuleg rök máli sínu til stuðnings. Þeim sem tortryggir eru í garð rökfærslu hefðar stjórnspekinga gæti þótt það undursamleg tilviljun að almennu rökin sem Ólafur Páll færir leiði – líkt og hjá öðrum stjórnspekingum – til niðurstöðu sem

⁶⁴ Gerðar hafa verið tilraunir til að þróa heimspeki sem grundvallast á reynsluathugunum en sá skilningur á heimspeki hefur aldrei orðið ráðandi að hún sé empírísk á sama hátt og vísindin. Spyrja má hvort ‚empírísk heimspeki‘ sé ekki rethvörf (e. *oxymoron*), þ.e. hvort það sé grundvallareinkenni heimspekinnar að hún byggist ekki á reynsluathugunum í skilningi vísindanna. Undirgrein heimspeki sem þróast út í það að verða empírísk sé þannig orðin vísindi og þar með ekki lengur heimspeki í ráðandi merkingu þess orðs.

⁶⁵ Vitaskuld má í undantekningartilfellum hrekja heimspekilega kenningu feli hún t.d. í sér mótsögn eða ef sýna má fram á það vísindalega að forsendur hennar standist ekki. Ágreiningur andstæðra kenninga stjórnspekinnar væri þó væntanlega löngu jafnaður ef helsta uppspretta deilunnar væru mótsagnir og hrekjanlegar forsendur.

⁶⁶ Sama rit, bls. 296.

⁶⁷ Sama rit, bls. 301.

⁶⁸ Sama rit, bls. 305, 283.

virðist samræmast samfélagssýn hans og lífsgildum; ekki allra heimspekinga, enda hugsuðir ekki á einu máli um hvaða samfélagsgerð sé ákjósanleg. Í meðförum Ólafs Páls reynast þeir sem eru á öndverðum meiði ekki vera einstaklingar sem hafa einfaldlega aðra afstöðu til þjóðfélagsins – afstöðu sem mætti færa álíka góð heimspekileg rök fyrir – heldur eru skoðanir þeirra gagnrýndar með almennum ópersónulegum hætti. Þannig vill svo til að sjónarmið sem Ólafur Páll virðist andvígur, t.d. sú þjóðfélagsgerð sem hann nefnir „kapítalískt velferðarríki falli á réttlætisprófinu“, en „grundvöllur kapítalískis velferðarríkis er einhverskonar frjálshygga“.⁶⁹ Slíkt próf á líkast til að vera hlutlaust, skynsamlegt próf óháð því hver „samdi“ það og hver þjóðfélagsýn prófhöfundar er.

Það þarf þó ekki alltaf próf til að fella gagnstæðar skoðanir, stundum reynast þær einfaldlega fela í sér ranga birtingarmynd viðkomandi fyrirbæris, ekki vera raunveruleg, réttnefnd eða eiginleg – eins og það heitir á tungu heimspekinnar – útgáfa af hinu eða þessu. Það sem greinir meinta rétta afstöðu Ólafs Páls frá þeim sem eru öndverðrar skoðunar er að hann kann skil á því hvað sé „[e]iginlegt samfélag“, eiginlegt verkefni löggjafans, þ.e. „[l]öggjafi sem rís undir nafni byggir löggjöf á skynsemi“.⁷⁰ Þannig er það sem er eiginlegt stundum í ofanálag skynsamlegt: „Eiginlegt samfélagslegt uppgjör, þ.e. gagnrýnin rannsókn á grunngildum samfélagsins“ er „skynsamleg krafa“.⁷¹ Á öðrum stað er hið réttnefnda ekki hið eiginlega heldur hið raunverulega en þá er talað um „raunverulegt lýðræði“ og „raunveruleg lífsgæði“.⁷² Þeir sem eru annarrar skoðunar um þessi mál fara á mis við eiginlegt eðli þeirra. Þeir sem „gera lögmál markaðarins að grundvelli samfélagsins [...] hafa endaskipti á eðlilegri röð hlutanna“.⁷³ „Samsláttur“ einkennir rökfærslu talsmanna hagvaxtar og hjá virkjanasinum vottar fyrir „hugtakaruglingi“.⁷⁴ Væntanlega kappkostar Ólafur Páll sjálfur að forðast þess háttar villur og ringl og getur í krafti slíkrar vandvirkni greint lesandanum frá því hvað sé réttnefnt, eiginlegt, raunverulegt og skynsamlegt í þessum málum. Þannig geta aðrir haft ranghugmyndir um tilgang lífsins en sá sem er varkár og rökfastur kemst í tæri við hinn raunverulega tilgang: „Markmið mannlífsins er ekki að fá að keppa um efnisleg gæði á frjálsum

⁶⁹ Sama rit, bls. 301, 304.

⁷⁰ Sama rit, bls. 286, 293.

⁷¹ Sama rit, bls. 296.

⁷² Ólafur Páll Jónsson, „Kreppa, náttúra og sálarlíf“, bls. 110.

⁷³ Ólafur Páll Jónsson, „Lýðræði, réttlæti og haustið 2008“, bls. 303.

⁷⁴ Ólafur Páll Jónsson, „Kreppa, náttúra og sálarlíf“, bls. 102.

markaði heldur að leita hamingjunnar.⁷⁵ Hér er í nafni hins eiginlega og skynsamlega girt fyrir þann möguleika að þátttaka í samkeppni á frjálsum markaði geti gert ákveðna einstaklinga hamingjusama.

Hvað varðar slíka viðleitni til að sannfæra lesendur um ágæti eigin afstöðu eru skrif Ólafs Páls nokkuð hefðbundin stjórnspeki og sama má segja um þær reynsluathuganir sem hann tvinnar saman við abstrakt teóriú. Eins og flestir hugsuðir, og ólíkt því sem tíðkast í félagsvísindum, er hann ekki með yfirlýsta stefnu um það hvernig reynslan er samofin kenningavinnu. Að hætti heimspekinnar tvinnar Ólafur Páll saman ókerfisbundnum reynsluathugunum, þ.e. persónulegri hversdagsreynslu, við heimspekilegar vangaveltur.⁷⁶ Með frjórri samlíkingu tengir hann þannig þá tilvistarkreppu sem fylgir því að horfast með hækandi aldri í augu við „afhjúpun forgengi-leikans“ við uppljóstrunina sem átti sér stað með hruninu: „Á svipaðan hátt hefur efnahagskreppan leitt til tilvistarkreppu á vettvangi samfélagsins.“⁷⁷

Væntanlega er það sömuleiðis út frá einhvers konar reynsluathugun sem Ólafur Páll ályktar að mótmælin á Austurvelli hafi vegið þungt þar eð hér var „á ferðinni fjöldi fólks úr öllum stéttum og úr öllu litrófi stjórnmálanna“.⁷⁸ Lesandinn fær enga innsýn í það með hvaða hætti heimspekingurinn kemst að þessari niðurstöðu. Byggist hún á hans eigin reynslu (ókerfisbundinni ‚vettvangskönnun‘), mati viðmælenda, upplýsingum úr fjölmiðlum – nokkuð sem áhugavert væri að vita vilji lesandinn bera þessa fullyrðingu saman við ítarlegar félagsvísindarannsóknir á þátttöku í Búsáhaldamótmælunum.

Í samanburði við hefðbundnar sannfæringartilraunir og ókerfisbundnar reynsluathuganir Ólafs Páls verður það að teljast síður viðtekin heimspeki að hann vísi ekki aðeins í virta heimspekinga, heldur jafnframt í dagblöð, netmiðla, stjórnmálamenn, þingræður, fréttabréf úr ráðuneytunum, ávörp, áskoranir, skýrslur og skoðanakannanir. Að þessu leyti er nálgunin áþekkari skyldum fræðigreinum en því sem lengst af tíðkaðist innan heimspekinnar. Þó greinir hann sig að þessu leyti ekki frá skrifum flestra annarra íslenskra heimspekinga um kreppuna.⁷⁹ Komandi tíð mun leiða í ljós hvort

⁷⁵ Ólafur Páll Jónsson, „Lýðræði, réttlæti og haustið 2008“, bls. 303.

⁷⁶ Heimspekingar hafi alla tíð ástundað slíka blöndu af abstrakt vangaveltum og persónulegri hversdagsreynslu en gera þessa blönduðu aðferð þó sjaldan að viðfangsefni. Það sem greinir heimspeki frá félagsvísindum er ekki að einvörðungu þau síðarnefndu styðjist við reynslugögn heldur er meginmunurinn sá að þau gera það með kerfisbundnum hætti.

⁷⁷ Ólafur Páll Jónsson, „Kreppa, náttúra og sálarlíf“, bls. 108.

⁷⁸ Ólafur Páll Jónsson, „Lýðræði, réttlæti og haustið 2008“, bls. 285.

⁷⁹ Meðal undantekninga er Páll Skúlason, „Hvernig á að takast á við kreppuna? Hug-

hið alkunna viðfangsefni, hrunið, hafi tímabundið ýtt undir þessa fjölbreyttu heimildanotkun eða hvort heimspekin sé í auknum mæli að opna sig fyrir slíkum gögnum og sjálfsmynd hennar að því leyti að taka breytingum.

Þegar upp er staðið hefur Ólafur Páll fjallað talsvert um réttlæti á almennum nótum og nokkuð um hið staðbundnara íslenska samfélag. Þannig sækir hann t.d. til Rawls abstrakt greiningu á fimm ólíkum samfélags- tegundum. „Þessar ólíku þjóðfélagsgerðir eru ekki hugsaðar sem greiningar á tilteknum þjóðfélögum heldur sem viðmið eða mælikvarðar sem nota má til að meta ólík þjóðfélög.“⁸⁰ Þetta viðmið Rawls notar Ólafur Páll m.a. til að staðsetja íslenska samfélagsgerð fyrir hrun: „Ég geri ráð fyrir að íslenskt samfélag síðustu áratuga fari nær því að falla undir kapítalískt velferðarríki fremur en séreignarlýðræði.“⁸¹ Þrjár meinsemdir hafi einkennt þetta kapítalíska velferðarríki og þegar okkur verður ljóst að þessar „meinsemdir einkenndu íslenskt þjóðfélag fyrir hrunið haustið 2008 ættum við að hafa betri skilning á því hvað fór úrskeiðis og hver viðfangsefnin framundan eru“.⁸² Þegar heimspekingar beita hugmyndum eða kenningum við greiningu stað- og tímabundinna fyrirbæra hafa þær þannig skýringargildi, skerpa sýn á viðfangsefnið og gefa jafnvel vísbendingu um það hvað megi betur fara. Þannig er nálgun Rawls að mati Ólafs Páls „lærdómsrík fyrir okkur sem viljum meta það samfélag sem við búum við með tilliti til þess hvort það er réttlátt“ og „krafa um stjórnlagabætur, sem var ein af háværustu kröfum búsalhaldabylt- ingarinnar, er krafa um slíka rannsókn á forsendum félagslegs réttlætis“.⁸³

Akademísk rökræða og kappræður alþingismanna

Víkjum aftur stuttlega að fræðamörkum í skilningnum markalínur á milli fræða og þess sem er ófræðilegt, að þessu sinni ekki á milli fræðafólks og skálda heldur fræði- og alþingismanna. Sem dæmi um svið er þarfnist um- bóta í kjölfar hrunsins tekur Ólafur Páll þingið: „Á eiginlegum samræðu- vettvangi ættu *rök* að skipta máli, en [menn] hirða ekki um að svara gagnrýni, hversu málefnaleg sem hún annars kann að vera. Ástæðan er sú að Alþingi er fyrst og fremst vettvangur valdabaráttu“.⁸⁴ Áþekka greiningu á kappræðum

sjónin um menntaríkið“, *Skírnisir* 2/2011, bls. 239–260.

⁸⁰ Ólafur Páll Jónsson, „Lýðræði, réttlæti og haustið 2008“, bls. 298.

⁸¹ Sama rit, bls. 298.

⁸² Sama rit, bls. 304.

⁸³ Sama rit, bls. 297, 296.

⁸⁴ Sama rit, bls. 293.

alþingismanna er víða að finna hjá Vilhjálmi Árnasyni heimspekingi sem og útlistun á andstæðu þeirra: „Í málefnalegri umræðu er leitast við að lýsa upp málefnið sem til umræðu er og lúta þeim rökum sem því hæfa, í stað þess að koma að því með fyrirframskoðanir sem reynt er að verja til að tryggja völd eða áhrif. Í hernaðarlist kappræðunnar telst það einber veikleiki að taka mark á rökum ‚andstæðingsins‘ og endurmeta skoðun sína í ljósi betri málefnalegra röksemda.“⁸⁵ Skýran greinarmun á rökræðum háskóla-samfélagsins, sem er nærtækast að fræðimenn sæki samræðufyrirmynd sína til, og valdaátökum eða herkænsku á Alþingi finnur Vilhjálmur hjá þeim samtímaheimspekingi sem hann hefur helst sótt innblástur til: „Habermas [...] leggur greinarmuninn á rökræðu og hernaðarlist til grundvallar kenn-ingunni um rökræðusiðfræði.“⁸⁶ Vilhjálmur er meðvitaður um að akadem-ískar samræður eru ekki alltaf fullkomlega rökvísar og heldur „því vitaskuld ekki fram að háskólamenn séu alltaf til fyrirmyndar í málflutningi sínum heldur útlista[r] einungis þá *hugsjón* sem í fræðimennsku felst“.⁸⁷ Eins og víða í skrifum Vilhjálms⁸⁸ beinir hann hér, í nafni boðandi heimspeki, meiri athygli að hugsjóninni en því sem viðgengst í raun. Þess í stað mætti skoða nánar hvernig raunveruleg – fremur en ákjósanleg – skoðanaskipti fara fram innan fræðasamfélagsins í samanburði við þá samræðuhætti þingmanna sem gagnrýnin beinist að. Auk þess væri sú mynd sem dregin er upp af samræðu-háttum Alþingis líkast til fegurri styddist hún síður við það hvernig þeir eru í raun en hugsjónina sem liggur þeim að baki.

Fræðaskrif Vilhjálms eru alla jafna málefnaleg. Þar með er ekki sagt að þau séu hrein sannleiksleit strípuð allri mælskulist, úr tengslum við öll átök um áhrif og ávallt sanngjörn framsetning á málflutningi ‚andstæðingsins‘. Nærtækt dæmi um slík frávik er það hvernig hann meðhöndlar ‚samherja‘ sinn Habermas í samanburði við Foucault sem þýski hugsuðurinn, og síðar fylgismaður hans Vilhjálmur, hafa ítrekað varað háskólasamfélagið við. Þannig líkti Habermas Foucault m.a. við hina „ungu íhaldsmenn“ sem voru andstæðingar þingræðis í Weimar-lýðveldinu.⁸⁹ Í þessum anda gefur Vil-

⁸⁵ Vilhjálmur Árnason, „Árveki eða auðsveipni? Hlutverk hugvísindamanna í sam-félagsumræðu“, *Ritið* 2–3/2009, bls. 21–34, hér bls. 30–31.

⁸⁶ Sama rit, bls. 31.

⁸⁷ Sama rit, bls. 31.

⁸⁸ Sjá t.d. Davíð G. Kristinsson og Vilhjálmur Árnason, „Rökræðan er prófsteinn skynseminnar“ (viðtal við Vilhjálmi Árnason), *Hugur. Tímarit um heimspeki* 2004, bls. 10–43, hér bls. 25–29.

⁸⁹ Jürgen Habermas, „Die Moderne – ein unvollendetes Projekt“, *Kleine politische Schriften (I–IV)*, Frankfurt: Suhrkamp, 1981, bls. 444–464, hér bls. 463.

hjálmur síðar í skyn að afstaða Foucaults „styrki þau öfl sem ógna frjálslyndu samfélagi“.⁹⁰ Í skrifum um hrúnið ýjar Vilhjálmur nú að því að hugsun af toga franska heimspekingsins hafi glætt það viðhorf sem réði ríkjum á Íslandi fyrir hrún: „Habermas kallar afstöðu Foucaults eins konar ‚gervisiðfræði‘ vegna þess að hún gangist ekki við þeim siðferðilegu viðmiðum sem hún óhjákvæmilega gangi út frá. Sé þeim hafnað kynda fræðin á sinn hátt undir þeim spunaveruleika og valdhugsun sem réði til dæmis ríkjum í íslensku samfélagi á undanförunum árum og gerði það að verkum að ímyndar-smíð varð mikilvægari en raunveruleikaskyn.“⁹¹

Andspænis því sem virðast ítrekaðar tilraunir Vilhjálms til að svarta Foucault má spyrja hvort hér sé á ferð hrein sannleiksleit gersneydd allri mælskulist.⁹² Sama spurning vaknar þegar Vilhjálmur gagnrýnir önnur fyrirbæri sem hann virðist vera andvígur, t.d. (milliliðalaust) beint lýðræði. Enda þótt Vilhjálmur sé ekki fylgismaður þess líkans leiðir hann það ekki hjá sér heldur kynnir það til sögunnar, þó ekki alltaf í jákvæðu ljósi. Þannig bendlar hann t.d. kröfur fylgismanna beins lýðræðis við þá afstöðu að „hérlandis gætu íslenskir fjölmiðlar talist mjög lýðræðislegir í þeim skilningi að tiltölulega auðvelt er fyrir almenning að birta þar skoðanir sínar í aðsendum greinum“.⁹³ Vilhjálmur vísar í þessu samhengi ekki til neinna heimilda um að talsmönnum beins lýðræðis sé umhugaðra um aðsendar blaðagreinar almenningu en frelsi og gæði fjölmiðla. Auk þess telur hann rangt „að álykta að stóraukið beint lýðræði hefði einhverju breytt í aðdraganda bankahrunsins. En gagnstæð ályktun er miklu nærtækari. Margir hafa sýnt fram á að hér ‚dönsuðu allir með‘.“⁹⁴ Vilhjálmur færir engin frekari rök fyrir þeirri ályktun sinni að beint lýðræði hefði einfaldlega aukið lögmæti aðgerða viðskipta-jöfranna. Með áþekkingu hætti lýsir hann kosningarfyrirkomulagi Mauraþúfunnar, undirbúningshóps Þjóðfundar 2009, ekki með hlutlausu orði á borð við ‚kosningu‘ heldur nefnir það á gildishlaðinn hátt „vinsældakosningu“.⁹⁵

⁹⁰ Vilhjálmur Árnason, „Hvers er siðfræðin megnug?“, *Hvers er siðfræðin megnug? Safn ritgerða í tilefni tíu ára afmælis Siðfræðistofnunar*, ritstj. Jón Á. Kalmansson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999, bls. 145–168, hér bls. 162.

⁹¹ Vilhjálmur Árnason, „Árveki eða auðsveipni?“, bls. 28.

⁹² Í öðru samhengi hefur Vilhjálmur fjallað á jákvæðari hátt um heimspeki Foucaults. Sjá t.d. Vilhjálmur Árnason, „Scientific Citizenship in a Democratic Society“, *Public Understanding of Science* 8/2013, bls. 927–940, hér bls. 938–939.

⁹³ Vilhjálmur Árnason, „Valdið fært til fólksins? Veikleikar og verkefni íslensks lýðræðis í aðdraganda og eftirmála hrunsins“, *Skírtnir* 1/2013, bls. 11–54, hér bls. 46.

⁹⁴ Sama rit, bls. 37.

⁹⁵ Sama rit, bls. 30.

Þessi dæmi eru til vitnis um að fræðileg skrif Vilhjálms eru ekki laus við mælskulist enda ekki við öðru að búast þegar tekist er á um ólík sjónarhorn og kappkostað að sannfæra aðra um ágæti eigin afstöðu. Að þessu leyti er rökfærsla heimspeklinga ekki svo gjörólík þingumræðum að annað sé hrein rökræða en hitt eintóm mælskulist. Þar eð samræðuhættir alþingismanna eru auðveld bráð hins ‚verndaða‘ háskólasamfélags væri gagnrýni heimspeklinga bitastæðari ef þeir færu betur í saumana á þeirri rökgerð sem liggur kappræðum alþingismanna til grundvallar. Leggja mætti meiri vinnu í að rannsaka til dæmis hvað sé líkt með mælskulist á vettvangi Alþingis og háskólasamfélagsins og hvað sé í grundvallaratriðum ólíkt, enda ekki sjálfsagt að mæla gæði skoðanaskipta þingmanna út frá samræðuhugsjónum akademíunnar.⁹⁶

Líkön og veruleiki

Útfærsla Vilhjálms á Foucault-gagnrýni Habermas minnir okkur á að heimspækileg rökræða um þjóðfélagsmál er ekki sneydd allri mælskulist. Á sama tíma er notkun Vilhjálms á kenningasmíð þýska hugsuðarins einmitt það sem gerir greiningu hans á hruninu teoretíska og dæmi um beitingu heimspækikenningar við samfélagsrýni. Í greiningu „á íslensku lýðræði og nýlegri þróun þess hef ég hliðsjón af kenningu [...] Habermas um þrjár meginbirtingarmyndir lýðræðis. Hann kennir þær við frjálslýndi, lýðveldi og rökræðu.“⁹⁷ Þess háttar kenning er ekki einskær lýsing á félagsveruleikanum eins og hann hefur þróast heldur felur hún í sér abstrakt líkön af veruleikanum, eða nánar tiltekið hluta hans, án þess þó að afmarkast um of af stund og stað: „Sem fræðilegt líkan dregur það fram dæmigerð einkenni fyrirbærisins sem hvergi er að finna í hreinni mynd.“⁹⁸ Líkönunum, sem eru sögð – ólíkt því sem tíðkast í vísindum – boðandi, er ætlað að skýra jafnt sem að gagnrýna veruleikann.

Með hliðsjón af líkönunum Habermas færir Vilhjálmur „rök fyrir því að þeir veikleikar íslensks samfélags sem dregnir voru fram í rannsókn á orsökum bankahrunsins haldist í hendur við vissa útgáfu af frjálslýndri sýn á lýð-

⁹⁶ Annar heimspekingur lýsir deilum á Alþingi út frá þeirri sérstæðu rökgerð sem ræður ríkjum í stjórnmálum. Jón Ólafsson, „Rökræðulýðræði verður stofnanalýðræði. Er hættulegt að færa vald til almennings? Athugasemdir við grein Vilhjálms Árnasonar ‚Valdið fært til fólksins?“, *Stjórnmál og stjórnsýsla* 1/2014, bls. 119–141, hér bls. 123.

⁹⁷ Vilhjálmur Árnason, „Valdið fært til fólksins?“, bls. 11–12.

⁹⁸ Sama rit, bls. 22.

ræði“.⁹⁹ Á hinn bóginn „sver íslensk lýðræðisþróun eftir hrun sig nokkuð í ætt við það sem Habermas nefnir lýðveldislíkanið [...]. Samkvæmt því færirst megináherslan frá stjórnkerfinu yfir á þjóðina sem pólitíska einingu er deilir markmiðum, gildum og sjálfsmynd.“¹⁰⁰ Þriðja lýðræðislíkanið, sem kennt er við rökræðu, notar Vilhjálmur svo til að varpa ljósi á takmörk hinna tveggja og kynna til sögunnar líkan af ákjósanlegu lýðræði framtíðarinnar á Íslandi: „Ólíkt lýðveldiskenningunni, leggur rökræðukenningin ekki þá byrði á einstaklingana sjálfa að takast á við málin í beinni þátttöku enda ráðast þá afdrif lýðræðisins um of af dygðum borgaranna. Meginatriðið er að rökræðukrafan verði innbyggð í stofnanir og ferli lýðræðissamfélagsins“.¹⁰¹ Vilhjálmur virðist hér leggja hugtökin *líkan* og *kenning* nokkurn veginn að jöfnu, t.d. hugtökin *lýðveldislíkan* og *lýðveldiskenning*.

Auk þess að beita kenningu til að skýra lýðræðisþróun á Íslandi gagnrýnir Vilhjálmur ákveðna tegund aðferðafræðilegrar einstaklingshyggju sem sé of einföld til að gera hinni flóknu samfélagsgerð fyrir hrun skil. Áherslan á hina samofnu þjóðfélagsgerð endurómar óbeint ábendingu sem Vilhjálmur hlaut, ekki frá háskólasamfélaginu, heldur formlega séð frá forseta Alþingis um að orsakatengslin kunní að teygja sig yfir á önnur svið. Í skipunarbréfi til Vinnuhóps um siðferði og starfshætti segir m.a.: „Athuginin á ekki að ein-skorðast við starfshætti og siðferði á fjármálamarkaði heldur kunna önnur svið samfélagsins einnig að koma til skoðunar.“¹⁰² Vilhjálmur greinir frá því að „nefndarmeðlimir hafi fljótt áttað sig á því að þeir gætu ekki skýrt aðgerðir innan fjármálageirans og áhrif þeirra án þess að rannsaka þær í víðara samhengi [...] rannsaka siðferði og starfshætti í [...] viðskipta- og fjármála-geiranum, stjórnsýslu- og stjórnmalageiranum, og félags- og menningar-geiranum“.¹⁰³

Gagnrýni Vilhjálms á frumsetningu einstaklingshyggjunnar ber keim af

⁹⁹ Sama rit, bls. 12.

¹⁰⁰ Sama rit, bls. 23.

¹⁰¹ Sama rit, bls. 48.

¹⁰² Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir, „Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008“, *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*, 8. bindi, ritstj. Páll Hreinsson, Sigríður Benediksdóttir og Tryggvi Gunnarsson, Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010, bls. 7–243, hér bls. 7.

¹⁰³ Vilhjálmur Árnason, „Something Rotten in the State of Iceland. ‚The Production of Truth‘ about the Icelandic Banks“, *Gambling Debt. Iceland's Rise and Fall in the Global Economy*, ritstj. Gísli Pálsson og Paul Durrenberger, Boulder: University Press of Colorado, 2014, bls. 47–59, hér bls. 48.

eldri ádeilu hans á dygðasiðfræði frá sjónarhóli reglusiðfræði.¹⁰⁴ Vilhjálmur hafnar „aðferðafræðilegri einstaklingshyggju sem ófullnægjandi og skældri leið til að fást við margslungið samfélagsfyrirbæri. Siðfræðileg greining má ekki takmarkast við athafnir og karakter einstaklinga, líkt og tíðkast í mórálískri orðræðu um orsakir fjármálahrunsins“; „við verðum að taka með í reikninginn þau bakgrunnsskilyrði, formgerðarferli, þá stofnanamenningu og þau samfélagsviðmið sem ýttu undir atburðinn. Vandinn einskorðast ekki við [...] handfylli gráðugra og áhættusækinna bankamanna“.¹⁰⁵

Með þessari afstöðu staðsetur Vilhjálmur sig ekki aðeins fræðilega heldur um leið í deilu sem herjað hafði utan háskólasamfélagsins: Var meginorsök hrunsins siðleysi einstakra fjárglæframanna eða leikreglurnar sem stjórn-málamenn settu? „Davíð Oddssyni er mikið í mun að beina athyglinni frá [...] nýfrjálsbyggjuhugmyndafræði og að slæmri hegðan bankamanna [...] súa aðferðafræðilega einstaklingshyggja sem einkennir slíkar skýringar [...] hylur veigamikla skýringarþætti.“¹⁰⁶ Hafi þessi ranga aðferð verið leiðrétt er nú „græðgi sem siðferðilegur löstur ekki álitin vera grundvallarþáttur heldur fremur einkenni og afleiðing samfélagskerfis. [...] græðgi sem einstaklings-einkenni [...] glatar skýringarmætti sínum sé hún ekki tengd við víðara samhengi hvataparða sem hefði verið hægt að hafa áhrif á með reglugerð“.¹⁰⁷ Almennt dregur Vilhjálmur fram „annmarka dygðasiðfræði og einstaklings-bundinna persónuleikaeinkenna við viðhald siðferðis“¹⁰⁸; „vandinn er við-tækur, djúpstæður og kerfislægur. [...] Frá siðferðilegu sjónarmiði er til lengri tíma litið brýnast að treysta lýðræðislega innviði samfélagsins og styrkja stjórnkerfið“.¹⁰⁹ Með öðrum orðum duga dygðir og lestir einstakra gerenda hvorki sem grundvallarþættir í greiningu flókinna þjóðfélagsfyrirbæra á borð við hrunið né til að reisa stoðir lýðræðissamfélags.¹¹⁰

¹⁰⁴ Sjá t.d. Davíð G. Kristinsson og Vilhjálmur Árnason, „Rökræðan er prófsteinn skynseminnar“, bls. 31–32.

¹⁰⁵ Vilhjálmur Árnason, „Something Rotten in the State of Iceland“, bls. 48, 59.

¹⁰⁶ Sama rit, bls. 48.

¹⁰⁷ Vilhjálmur Árnason, „Moral Analysis of an Economic Collapse. An Exercise in Practical Ethics“, *Nordic Journal of Applied Ethics* 1/2010, bls. 101–123, hér bls. 103.

¹⁰⁸ Sama rit, bls. 105.

¹⁰⁹ Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir, „Siðferði og starfs-hættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008“, bls. 12.

¹¹⁰ Með áþekktum hætti greinir iðkandi annarrar fræðigreinar frá því að „í sagnfræði er algengt að tortryggja [...] persónubundnar skýringar“, t.d. þegar fræðimenn leita skýringa með því að draga fram „þverbrest í skapgerð Snorra [Sturlusonar]. Þarna tel ég að sé komið út fyrir sagnfræðileg viðfangsefni.“ Helgi Þorláksson, „Þjóðveldið

Það að Vilhjálmur kenni umfjöllun sína um lýðræði, áhersluna á stjórn-sýslu og stofnanaferli við hið „siðferðilega sjónarmið“ og þá undirgrein heimspekinnar sem nefnist „siðfræði“ fremur en stjórn málaheimspeki er ill-skiljanlegt nema haft sé í huga að siðfræðin hefur lengi verið mikilvægasta grein íslenskrar heimspeki og fyrir tilstilli Siðfræðistofnunar sú eina sem hefur stofnanagrundvöll.¹¹¹ Fremur en að flokka heimspeki Vilhjálms sem hreina siðfræði, fræðigrein sem afmarkar sig frá vísindum að því leyti sem hún er boðandi, mætti þess í stað undirstrika að hann er líkast til sá íslenski heimspekingur sem á undanförunum áratugum hefur hvað mest kappkostað að teygja rannsóknir sínar út fyrir þröngan ramma heimspekinnar, tengja þær við önnur fræði, félagsvísindalegar kannanir og ítrekað bent á að heimspekileg nálgun ein og sér sé takmörkuð.¹¹² Sem formaður Vinnuhóps um siðferði og starfshætti hafði Vilhjálmur við rannsóknir á hruninu óvenju greiðan aðgang að margvíslegum gögnum og auk þess umboð til að skipa fræðafólk til að rannsaka í nafni nefndarinnar ýmsa þætti málsins. Þannig rannsakaði Hulda Þórisdóttir félagssálfræðingur fyrir nefndina m.a. skoð-anamyndun, ákvarðanatöku, hóphegðun, hóphugsun og fylgispekt – eða *hjarðæðli* eins og það nefnist stundum á tungu heimspekinnar – á Íslandi fyrir hrun.¹¹³ Þverfræðilegt samstarf af þessum toga er fagnaðarefni og greining Huldu áhugaverð. Út frá spurningunni um fræðamörk mætti þó spyrja hví fulltrúar háskólasamfélagsins í nefndinni, báðir heimspekingar, hafi einkum og sér í lagi þurft að leita aðstoðar út fyrir eigin fræðigrein varðandi viðfangsefni á borð við skoðanamyndun og fylgispekt. Hefur heimspekin ekkert fram að færa á þessu sviði sem væri samkeppnishæft við niðurstöður Huldu? Í endursögn Vilhjálms eru þær svohljóðandi: „Skýrslan finnur að því að fólk hneigist til þess að taka inn upplýsingar og túlka þær í samræmi við kerfisbundin markmið þeirra og skoðanir.“¹¹⁴ Þetta er athyglisverð fullyrðing um grunneiginleika mannglegrar breytni. Hefði heimspekin sjálf, og sú hefð sem hún byggist á, getað lagt hér eitthvað af mörkum?

Jón Ólafsson er í hópi heimspeklinga sem skrifað hafa þó nokkuð um mál-

og samtíminn. Um leitina að sögulegum hliðstæðum og hlutverk sagnfræðinga“, *Ritid 2–3/2009*, bls. 7–20, hér bls. 13–14.

¹¹¹ Um áherslu á náð samspil siðfræði og stjórn málaheimspeki sjá t.d. Vilhjálmur Árnason, *Farselt líf, réttlátt samfélag. Kenningar í siðfræði*, Reykjavík: Heimskringla, 2008, bls. 9.

¹¹² Sjá t.d. Davíð G. Kristinsson og Vilhjálmur Árnason, „Rökræðan er prófsteinn skynseminnar“, bls. 11–13.

¹¹³ Vilhjálmur Árnason, „Moral Analysis of an Economic Collapse“, bls. 115.

¹¹⁴ Vilhjálmur Árnason, „Something Rotten in the State of Iceland“, bls. 58.

efni sem tengjast hrununu. Í inngangi að greinasafninu *Andóf, ágreiningur og áróður* – en sumar ritgerðanna snerta óbeint ýmis mál sem voru ofarlega á baugi í kreppunni – má lesa: „Undirtitill þessarar bókar er *Greinar um heimspeki* þar sem heimspeki er skilin víðum skilningi sem viðleitni til að vekja spurningar, taka á þeim og kryfja mál til mergjar eftir efnum og aðstæðum.“¹¹⁵ Þessi skilgreining á heimspeki skilur sig ekki með skýrum hætti frá öðrum fræðigreinum. Skömmu síðar fylgir þó nánari útlekking sem heimspekingar af ólíkum meiði ættu að geta tekið undir: „heimspeki [er] tilraun til að takast á við grundvallarspurningar og almennar spurningar um hlutina á forsendum rökhugsunar“. Jón kýs að kenna greinasafn sitt við sérstök fræði, heimspeki, en leggur þó lítið upp úr því að afmarka hana skýrt frá grannvísindum: „stundum vilja menn gera skýran greinarmun á því að nálgast viðfangsefni á heimspekilegan hátt annars vegar og nálgast þau pólitískt, menningarlega eða félagslega hins vegar [...] í þeim tilgangi að halda heimspekinni hreinni, sulla ekki saman við hana málefnum sem strangt tekið eigi ekki heima í henni og geti gert aðferð hennar og yfirvegun óskýra eða óljósa. Þessi tilhneiging [hefur] í mörgum heimspekideildum [...] leitt til einangrunar heimspekinnar frá öðrum greinum félags- og hugvísinda. Þetta er að mínu mati óheillavænleg þróun.“¹¹⁶ Taka má í grundvallaratriðum undir þessa skoðun Jóns. Um kreppuskrif íslenskra heimspekinga verður þó á heildina lítið vart sagt að þau einkennist af hefðbundnum hreinleika.

Við höfum þegar fengið innsýn í kenningarotkun heimspekinga og vísun þeirra í kenningar mikilsvirtra hugsuða, samtímamanna jafnt sem heimspekinga fyrri alda. Eitt af því sem gerir þeim kleift að styðjast allt eins við svo forna teoríu er að flestir heimspekingar telja kenningar eigin fræða ekki hrekjanlegar með sama hætti og tíðkast gjarnan í vísindum. Einn þeirra gæðamælikvarða sem beitt er á skrif heimspekinga er að þeir vinni frjótt úr kenningum annarra hugsuða. Í þessum skilningi verður fyrrgreind beiting Vilhjálms Árnasonar á kenningu Habermas á lýðræðisþróun á Íslandi að teljast skapandi.¹¹⁷ Gagnrýni annar heimspekingur slíka kenningarotkun væntir hann þess varla að kenningin sé raunprófuð. Algengara er að lagt sé mat á það hversu vel rökstudd hún er, hvort kenningin sé laus við mótsagnir eða

¹¹⁵ Jón Ólafsson, *Andóf, ágreiningur og áróður. Greinar um heimspeki*, Bifröst: Háskólinn á Bifröst, 2009, bls. 7.

¹¹⁶ Sama rit, bls. 8.

¹¹⁷ Um mælikvarða á frumleika innan hug- og félagsvísinda sjá til dæmis Joshua Guetzkow, Michèle Lamont og Gregoire Mallard, „What is Originality in the Humanities and the Social Sciences?“, *American Sociological Review* 2/2004, bls. 190–212.

til dæmis að gagnrýnt sé, eins og Jón Ólafsson gerir, að þessi „kenningarlegi grunnur [sé] dálítið einfaldur“¹¹⁸ í þeim skilningi að Vilhjálmur einfaldi um of margbrotna kenningu Habermas. Kenningar heimspekings gegna m.a. því hlutverki að færa rök fyrir eða gagnrýna afstöðu og skýra ákveðin fyrirbæri. Það hve sjaldan heimspekingar virðast notast við hugtakið *tilgáta* í samanburði við tíða notkun þeirra á *kenning* kann annars vegar að vera til marks um að nálgun þeirra er almennari en í tilviki afmarkaðra vísindalegra tilgátna, og hins vegar að þeir smíða eða endurmóta sjaldnast tilgátur sem hægt væri – að þeirra eigin mati – að sannreyna. Ólíkt því sem tíðkast í félagsvísindum, líta heimspekingar ekki á kenningu sem tilgátu eða safn tilgátna er hafi ítrekað verið raunprófaðar heldur sem kerfisbundna framsetningu hugmynda sem skerpa sýn okkar á veruleikann.¹¹⁹

Raunprófun kenninga

Foucault og Bourdieu eru dæmi um heimspekimenntaða hugsuði sem kvatt hafa hreina heimspekikenningu og tekið upp kenningasmíð sem er samofin kerfisbundinni notkun reynslugagna. Sá fyrrnefndi kappkostar að „efnisbinda“ kenningu sína með því að þróa hana í tengslum við söguleg gögn. Bourdieu stígur skrefinu lengra og gengur til liðs við aðra vísindagrein, félagsfræði. Þrátt fyrir innlimun félagsvísindalegra reynslugagna gerir hann tilkall til þess að þróa þungvæga samfélagskenningu og Bourdieu var áfram nógu mikill hugsuður í sér til að hjá honum votti fyrir fordómum heimspekings í garð kenningasnauðra reynsluvísinda.¹²⁰ Íslenskir fræðimenn hafa unnið talsvert út frá kenningum þessara frönsku póstrúktúralista en við samfélagsrannsóknir á hruninu hefur þó annar skilningur á kenningasmíð og tengslum kenninga við reynslugögn verið í fyrirrúmi. Helsti fulltrúi þeirrar nálgunar og um leið sá fræðimaður sem hvað mest hefur skrifað um afleiðingar hrunsins, einkum og sér í lagi Búsáholdamótmælin, er Jón Gunnar Bernburg félagsfræðingur. Lítum næst á þann skilning sem Jón Gunnar og meðhöfundar hans – í samanburði við heimspekingana Ólaf Pál og

¹¹⁸ Jón Ólafsson, „Rökræðulýðræði verður stofnanalýðræði“, bls. 121.

¹¹⁹ Um vanda þess að gera skýran greinarmun á kenningum og tilgátum sjá t.d. Finnur Dellsén, „Hlutdrægni í vísindum. Vanákvörðun, tilleiðsluáhætta og tilurð kenninga“, *Ritið* 3/2016, bls. 9–28, hér bls. 10.

¹²⁰ Sjá Davíð G. Kristinsson, „Inngangur ritstjóra“, Pierre Bourdieu, *Almenningsálititið er ekki til*, ritstj. Davíð G. Kristinsson, Reykjavík: Omdúrman/ReykjavíkurAkademían, 2007, bls. 7–31, hér bls. 19–20.

Vilhjálmm – leggja í notkun kenninga og tilgátna.¹²¹

Jón Gunnar hefur ítrekað bent á hve fágætt tækifæri hrunið reyndist til rannsókna á ákveðnu samfélagsfyrirbæri og til að meta fyrri kenningar um það: „Búsáhaldaþyngingin [veitir] einstakt tækifæri til að leggja til þekkingu til rannsókna á sviði félagslegra hreyfinga“.¹²² Um þetta rannsóknasvið skrifa Jón Gunnar o.fl.: „Miðlægt viðfangsefni á sviðinu hefur verið að draga fram þær þjóðfélagsaðstæður sem helst hrinda af stað róstum og byltingum. Davies [...] hefur sett fram þá kenningu að byltingar og fjöldamótmæli [...] eigi sér oft stað þegar bakslag hefur orðið eftir [...] framfaraskeið, til dæmis þegar efnahagslegur uppgangur endar í djúpri kreppu eða þegar snörp afturför verður á lýðræðisþróun [...] geta slíkar aðstæður framkallað *afstæðan skort* meðal borgaranna – þjóðfélagið stendur ekki undir væntingunum sem orðið hafa til á framfaraskeiðinu. Aðstæður á Íslandi í janúar 2009 voru að mörgu leyti dæmigerðar fyrir þær kringumstæður sem Davies [...] telur að leitt geti til fjöldamótmæla og byltinga.“¹²³

Texti bandaríska félagsfræðingsins James C. Davies, „Toward a Theory of Revolution“, er lítt framandi frá sjónarhóli félagsheimspeki, ekki aðeins vegna hins almenna titils, sem vísar síður til tiltekinna byltingar en byltinga almennt, heldur um leið í ljósi þess hvernig Davies, í leit að sambærilegu orsakasamhengi þriggja byltinga, smíðar sína víðtæku kenningu – þótt hann styðjist vitaskuld með skipulagðari hætti við sögulegar heimildir og tölfræði en tíðkast meðal heimspekinga. Öðru máli gegnir um nálgun Jóns Gunnars sem, ólíkt ameríska félagsfræðingnum, styðst við eigin spurningakönnun, þ.e. stöðluð viðtöl sem hann greinir tölfræðilega: „kenningin hefur sjaldan verið sannprófuð með kerfisbundnum einstaklingsbundnum gögnum sem safnað var við viðkomandi sögulegar aðstæður. Hrunið á Íslandi er tækifæri til að prófa kenningu Davies.“¹²⁴ Eins og heimspekingarnir Ólafur Páll og Vil-

¹²¹ Til að einfalda lesturinn eru ekki einungis þeir textar sem Jón Gunnar er eini höfundurinn að heldur jafnframt þeir sem hann er aðeins meðhöfundur að og ekki endilega fyrsti höfundur kynntir ofanmáls í hans nafni ásamt „o.fl.“. Þessi einföldun ýtir mögulega undir þá tilfinningu að athyglin beinist fyrst og fremst að einstaklingum – þótt í raun beinist hún að aðferðafræði sem Jón Gunnar o.fl. styðjast við.

¹²² Jón Gunnar Bernburg, Berglind Hólm Ragnarsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir, „Hverjir tóku þátt í Búsáhaldaþyngingunni?“, *Rannsóknir í félagsvísindum XI. Félags- og mannvísindadeild*, ritstj. Helga Ólafs og Hulda Proppé, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2010, bls. 106–113, hér bls. 106.

¹²³ Sama rit, bls. 106.

¹²⁴ Jón Gunnar Bernburg, „Overthrowing the Government. A Case Study in Protest“, *Gambling Debt*, bls. 63–78, hér bls. 67–68.

hjálmur notar Jón Gunnar almenna kenningu til að varpa ljósi á hrunið, en ólíkt þeim kappkostar hann að sannprófa kenninguna með reynslugögnum.

Áður en nánar er hugað að skrifum Jóns Gunnars skulum við skoða í sögulegu ljósi að hvaða leyti greining Davies er nær heimahögum félagsheimspeki en meginndleg félagsfræði þess fyrrnefnda.¹²⁵ Sé til að mynda rýnt í tilurðarsögu Þýskumælandi félagsfræði var meirihluti fyrstu félagsfræðinganna heimspekimenntaður eða heimspekilega þenkjandi.¹²⁶ Þeir höfðu gagnrýna afstöðu til spekulatífra alhæfinga úreltrar söguspeki og játuðu sig fylgjandi abstrakt kenningasmíð sem við greiningu samfélagsins styddist í auknum mæli við reynslugögn. Gögnin sem þeir notuðust við voru þó síður tölfræði og önnur gagnavinnsla úr þjóðfélögum samtímans en sögurannsóknir annarra. Af tveimur meginrótum frönskumælandi félagsfræði, söguspeki Comte og tölfræði belgíska stjörnu- og stærðfræðingsins Quetelet, var afstaða fyrstu Þýskumælandi félagsfræðinganna nær Comte. Þeir fundu m.a. að því, að í skrifum Quetelet væri „hvergi að finna söguleg dæmi“¹²⁷ og ítrekuðu – jafnvel þeir sem sjálfir kenndu tölfræði – að það yrði „aldrei hægt að uppgötva lögmál hins félagslega veruleika með tölfræðilegum útreikningum“.¹²⁸ Auk þess væri skýringargildi slíkra útreikninga takmarkað: „Það sem gögn tölfræðinnar leiða í ljós veit maður iðulega fyrir; og komi hún félagsfræðilegri þekkingu okkar á óvart, má alla jafna sýna fram á að hin tölfræðilega gagnasöfnun hafi verið einhliða, gloppótt eða röng.“¹²⁹ Tölfræðin hefði fram til þessa „virst nákvæm en verið yfirborðsleg í raun“.¹³⁰ Hana skorti dýpt, spekulatífan grundvöll og nauðsynlegt sé að „ljá henni ‚anda‘ með félagsfræðilegri þekkingu“.¹³¹ Sé það gert muni tölfræðin „í auknum

¹²⁵ Í flestum greinum Jóns Gunnars sem hér eru til umfjöllunar er meginndleg aðferð ráðandi. Í bók hans *Economic Crisis and Mass Protest. The Pots and Pans Revolution in Iceland* (New York: Routledge, 2016) – sem ekki er fjallað um hér – er hinsvegar stuðst við eigindlegar jafnt sem meginndlegar aðferðir.

¹²⁶ Sjá Davíð G. Kristinsson, *Soziologie als künftige Philosophie der Gesellschaft. Philosophieverständnis der frühen Vertreter deutschsprachiger Soziologie (1883–1909)* [ísl.: Félagsfræði sem félagsheimspeki framtíðarinnar. Um heimspekisýn fyrstu Þýskumælandi félagsfræðinganna], doktorsritg., Freie Universität Berlin, 2017.

¹²⁷ Ludwig Gumplowicz, „Individuum, Gruppe und Umwelt“, *Die Zukunft* 14/1896, bls. 352–362, hér bls. 362.

¹²⁸ Ludwig Gumplowicz, *Grundriß der Sociologie*, Vínarborg: Manz, 1885, bls. 98.

¹²⁹ Gustav Ratzenhofer, *Die sociologische Erkenntnis. Positive Philosophie des socialen Lebens*, Leipzig: Brockhaus, 1898, bls. 90.

¹³⁰ Gustav Ratzenhofer, *Der positive Monismus und das einbeitliche Princip aller Erscheinungen*, Leipzig: Brockhaus, 1899, bls. 126.

¹³¹ Sama rit, bls. 126.

mæli verða ómissandi vitnisburður um hið félagsfræðilega lögmál“.¹³²

Tölfræðingar sem voru hlyntir samstarfi við félagsfræðinga vörðu vísindagrein sína gegn óréttmætum árásum og gagnrýndu þá síðarnefndu fyrir að styðjast einkum við söguleg gögn, grípa aðeins stöku sinnum til tölfræði til staðfestingar á fyrirframgerðri kenningasmíð og fyrir trú á félagsleg „náttúruleg mál“. Þeir voru hins vegar flestir sammála félagsfræðingunum um að tölfræðin gæti ekki ein síns liðs grundvallað kenningar um þjóðfélagið og væri því fremur hjálpargrein félagsfræðinnar.¹³³

Að lokinni stuttri sögulegri innsýn í upphafleg tengsl tölfræði og kennilegrar félagsfræði skal aftur vikið að tölfræðilegri félagsfræði Jóns Gunnars og meðhöfunda hans. Af greinaskrifum um Búsáhaldabyltinguna að dæma virðist hann ekki kappkosta að þróa víðtækar samfélagskenningar heldur fremur að raunprófa eldri kenningar með tölfræðilegri úrvinnslu viðtala. Þar eð hann endurskoðar einkum tengsl sem aðrir hafa leitt í ljós eru niðurstöður sem staðfesta fyrri rannsóknir í samræmi við það sem „búast mátti við“ en gagnstæðar niðurstöður koma „á óvart“. Grundvallarspurning Jóns Gunnars er áhugaverð. Hér er kafað talsvert dýpra en með fyrrnefndu huglægu mati Ólafs Páls heimspekings, sem í framhjáhlaupi taldi sig meðal mótmælenda á Austurvelli skynja fjölda „fólks úr öllum stéttum og úr öllu litrófi stjórnmalanna“, sem og skoðanakönnun *Fréttablaðsins* (21. jan. 2009) sem mældi að tveir þriðju aðspurðra væru hlyntir mótmælunum. Ætlun Jóns Gunnars o.fl. er „að bera saman einkenni og viðhorf þeirra einstaklinga sem tóku þátt í fjöldamótmælunum í janúar 2009 við þá einstaklinga sem ekki tóku þátt. Með hliðsjón af kenningu Davies mætti ætla að einstaklingar sem telja sig hafa orðið fyrir lífskjaraskerðingu vegna kreppunnar séu líklegri en aðrir til þess að hafa mætt í mótmælin.“¹³⁴ Í raun beinist kenning Davies fremur að hugarástandi „fólksins“ eða ákveðinna þjóðfélagshópa en samanburði á einstaklingum. Með hliðsjón af íslenskri samfélagsgerð þróar Jón Gunnar kenningu Davies í aðra átt: „Ég breyti jafnframt kenningunni. Ég set fram þá tilgátu að þar eð einstaklingar meta réttlæti fjárhagstjóns síns með því að bera það saman við tap annarra [...] gæti upplifað fjárhagstjón virkjað einungis þá sem telja að þeir hafi tapað meiru en aðrir.“¹³⁵ Þann-

¹³² Gustav Ratzenhofer, *Die Kritik des Intellekts. Positive Erkenntnistheorie*, Leipzig: Brockhaus, 1902, bls. 153.

¹³³ Sjá Franz von Neumann-Spallart, „Sociologie und Statistik“, *Statistische Monatschrift* 4/1878, bls. 1–18, 57–72.

¹³⁴ Jón Gunnar Bernburg o.fl., „Hverjir tóku þátt í Búsáhaldabyltingunni?“, bls. 106.

¹³⁵ Jón Gunnar Bernburg, „Economic Crisis and Popular Protest in Iceland, January

ig færist sjónarhornið frá almennari spurningu Davies – hvað þarf til að fólk rísi upp? – yfir á afmarkaðri vangaveltur um það hvort auknar líkur séu á þátttöku í mótmælunum meðal þeirra sem telja sig hafa tapað meiru í hruninu en aðrir. Jón Gunnar o.fl. telja sennilegt að þetta eigi einmitt við um hrúnið hérlandis: „Aðstæður á Íslandi eru sérstaklega líklegar til að ýta undir að einstaklingar beri saman hvort kreppan hafi valdið þeim meiru tjóni en öðrum Íslendingum. [...] Þar eð félagslegur hreyfanleiki, trú á jöfn tækifæri og menningareinsleitni eru hér fremur útbreidd, stuðlar íslenskt samfélag að óheftum félagslegum samanburði á grundvelli þjóðareiningar.“¹³⁶ Jón Gunnar lagar þannig kenningu Davies að íslenskum aðstæðum með áhugaverðum hætti og setur fram eftirfarandi tilgátu: „Ég prófa hvort upplifað fjárhagstjón hafi greinileg aukin áhrif á mótmælaþátttöku og stuðning við mótmæli, telji einstaklingar að kreppan skaði þá meira en aðra.“¹³⁷

Í samanburði við þessa tilgátu kann önnur tilgáta Jóns Gunnars að virðast augljósari: „Ég vænti þess að vinstri hugmyndafræði og samsömun við vinstriflokka segi klárlega fyrir um aukna þátttöku í íslensku mótmælunum og aukinn stuðning við þau“.¹³⁸ Eflaust kæmu þessi tengsl mörgum utan fræðasamfélagsins, sem hafa einhverja innsýn í litróf stjórnmálanna, lítt á óvart en Jón Gunnar o.fl. byggja væntingar sínar m.a. á fyrri rannsóknum. Þannig hafi „erlendar rannsóknir leitt í ljós [...] að þátttakendur í mótmælum [eru] líklegri til þess að aðhyllast stjórnmálaviðhorf af vinstri væng stjórnmálanna“.¹³⁹

Meginniðurstaða Jóns Gunnars o.fl. dregur vart úr fordómum hugsuða í garð tölfræðinnar: Tilgátan sem virtist augljós er staðfest en fylgnin í tilgátunni sem kemur langsóttari fyrir sjónir reynist í fljótu bragði veik: „vinstrisinnuð viðhorf [...] spá sterklega fyrir um mótmælaþátttöku á meðan að fjárhagslegur mótbyr hafði óveruleg áhrif á þátttöku.“¹⁴⁰ Það er

2009. The Role of Perceived Economic Loss and Political Attitudes in Protest Participation and Support“, *Mobilization. An International Quarterly* 2/2015, bls. 231–252, hér bls. 232.

¹³⁶ Berglind Hólm Ragnarsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Sigrún Ólafsdóttir, „The Global Financial Crisis and Individual Distress. The Role of Subjective Comparisons after the Collapse of the Icelandic Economy“, *Sociology* 4/2013, bls. 755–775, hér bls. 760.

¹³⁷ Jón Gunnar Bernburg, „Economic Crisis and Popular Protest in Iceland, January 2009“, bls. 235.

¹³⁸ Sama rit, bls. 237.

¹³⁹ Jón Gunnar Bernburg o.fl., „Hverjir tóku þátt í Búsáhaldaþýtingunni?“, bls. 107.

¹⁴⁰ Jón Gunnar Bernburg og Anna Soffía Víkingsdóttir, „Political Opportunity, Framing, and Mobilization in Iceland’s Post-Crash Protests“, *Iceland’s Financial Crisis*.

Í sjálfu sér fróðlegt að einstaklingar sem hafa orðið fyrir skerðingu er leiðir til þess að þeim „finnist þeir eiga í erfiðleikum með að „ná endum saman“ og „greiða af lánum“¹⁴¹ séu ekki líklegri til að taka þátt í mótmælunum en aðrir. Sá greinarmunur sem reynist marktækur er nánar tiltekið eftirfarandi: „upplifun fjárhagstjóns tengist aukinni þátttöku í mótmælum og stuðningi við þau *einungis* ef einstaklingar telja að kreppan hafi skaðað þá meira en aðra.“¹⁴² Óvíst er hvort þeir samfélagshugsuðir sem eru torþryggir í garð tölfræðigreininga fallist á að þessi marktæku tengsl séu mikill þekkingarauki þegar kemur að uppreisnarvilja mannsins – í samanburði við þá grundvallarkenningu Davies að það sé hugarástand óánægju (vegna skerðingar í kjölfar framfaraskreiðs) fremur en einber skortur á lífsnauðsynjum sem stuðli að því að fólk rísi upp. Á hinn bóginn væri sá hugsuður þróngsýnn sem sæi fátt áhugavert við fjölpættan samanburð á mótmælendum og þeim stuðningsmönnum þeirra sem „heima sitja“. Vera má þó að sumum heimspekingum þyki spurningin ekki nógu almenn til að hún vekji áhuga þeirra.

Jón Gunnar sýnir fram á ýmis tölfræðilega marktæk tengsl en stundum skortir þó nokkuð á vangaveltur um það hvað liggja þeim til grundvallar: „Niðurstöður benda til þess að viðhorf til aukinnar spillingar hafi átt þátt í því að virkja einstaklinga til þátttöku í mótmælunum [...], en sýna þó ekki áhrif varðandi stuðning við mótmælin.“¹⁴³ Hér gæti leynst athyglisverður greinarmunur milli þátttakenda og stuðningsmanna en Jón Gunnar gerir ekki tilraun til að túlka niðurstöðurnar.

Auk megintilgátnanna greinir Jón Gunnar tölfræðilega nokkur önnur tengsl sem málið varða. Eins og hann bjóst við „segir búseta í nánd við mótmælasvæðið (miðbæ Reykjavíkur) með marktækum hætti fyrir um mótmælaþátttöku (en ekki um stuðning við mótmælin), og undirstríkar þannig mikilvægi tækifæra og aðgengis varðandi mótmælahegðun einstaklinga“.¹⁴⁴ Það að fólk mæti frekar í mótmæli ef ekki er langt að fara virðist í fljótu bragði augljóst. Eða er ástæðan kannski að hluta til sú að menntunarstig – niðurstöður Jóns Gunnars o.fl. „sýna marktæk áhrif af [...] menntun á

The Politics of Blame, Protest and Reconstitution, ritstj. Irma Erlingsdóttir, Philippe Urfalino og Valur Ingimundarson, London og New York: Routledge, 2016, bls. 81–102, hér bls. 94.

¹⁴¹ Jón Gunnar Bernburg, „Economic Crisis and Popular Protest in Iceland, January 2009“, bls. 249.

¹⁴² Sama rit, bls. 241.

¹⁴³ Sama rit, bls. 245.

¹⁴⁴ Sama rit, bls. 248.

þátttöku í mótmælunum¹⁴⁵ – í nánd við miðbæinn sé yfir meðallagi? Og þar eð „tekjur og atvinnustaða [...] hafa engin marktæk tengsl við þátttöku í mótmælunum“,¹⁴⁶ ólíkt menntun, má þá ætla að aukin menntun leiði ekki til aukinna tekna á Íslandi? Þannig vakna við lestur greina Jóns Gunnars og meðhöfunda ýmsar spurningar um hvernig túlka megi tölfræðilegar niðurstöður sem textarnir veita ekki svör við.

Skoðum annað atriði sem snýr sömuleiðis að mögulegum áhrifum aðgengis: „Í samræmi við fyrri rannsóknir [...] eru konur og einstaklingar með börn síður líklegir til að taka þátt í mótmælum.“¹⁴⁷ Það að mótmæli séu ekki jafn auðsótt fyrir fólk sem er með ungið á heimilinu kemur varla á óvart. En hví er foreldrum hér skipað á bás með hópnum ‚konur‘? Væri t.d. hópurinn ‚menntað barnlaust kvenfólk búsett í nánd við miðbæinn‘ ólíklegri en aðrir til að mótmæla í krafti þess að þær eru konur? Er það líffræðilega kynið eitt og sér sem dregur úr líkunum, mögulegar barneignir sem því tengjast – eða hafa kynjamyndir jafnframt áhrif? Og hafa slíkar myndir ekki tekið breytingum í tímans rás? Eykst þátttaka kvenna í mótmælum þegar staðlaðar kynjamyndir veikjast þannig að frá og með ákveðnu ‚þróunarstigi‘ samfélags sé síður marktækur munur á þátttöku eftir kyni? Ef sú er raunin þyrfti að endurtúlka fyrri kannanir, þar sem ýjað er að því að líffræðilegt kyn auki líkur á þátttöku, í þá átt að það sé ekki kynið eitt og sér sem ýti undir líkur á þátttöku heldur eigi það við um samfélag sem einkennist af ákveðnum kynjamyndum sem eru sögulega breytilegar. Könnun Jóns Gunnars leiðir í ljós marktækan mun á mótmælaþátttöku eftir kyni, eins og nokkrar eldri rannsóknir sem hann vitnar í. Ekki kemur þó fram hjá honum að ein þeirra leiddi ekki í ljós marktækan kynjamun á þátttöku í mótmælum í Bandaríkjunum árið 1990. Ólíkt Jóni Gunnari reyna fræðimennirnir tveir sem hann vísar til að skýra breytingu á mældri mótmælaþátttöku kvenna með vísun í breytt kynjahlutverk í bandarísku samfélagi síðustu áratugi 20. aldar.¹⁴⁸ Almennt skortir nokkuð á að tekið sé tillit til slíkra félagssögulegra þátta í tölfræðilegum túlkunum Jóns Gunnars.

Stundum túlka Jón Gunnar og meðhöfundar þó vitaskuld niðurstöður, t.d. varðandi fordóma í garð nýbúa eftir hrun: „Fyrri rannsóknir hafa sýnt að

¹⁴⁵ Jón Gunnar Bernburg o.fl., „Hverjir tóku þátt í Búsáhaldaþytingunni?“, bls. 109.

¹⁴⁶ Sama rit, bls. 109.

¹⁴⁷ Jón Gunnar Bernburg, „Economic Crisis and Popular Protest in Iceland, January 2009“, bls. 248.

¹⁴⁸ Alan Schussman og Sarah A. Soule, „Process and Protest. Accounting for Individual Protest Participation“, *Social Forces* 2/2005, bls. 1083–1108, hér bls. 1089.

konur eru að jafnaði umburðarlyndari en karlmenn gagnvart innflytjendum [...] en niðurstöður okkar styðja ekki þá niðurstöðu. Neikvæð fréttaumfjöllun þar sem innflytjendur og útlendingar eru tengdir afbrotum gæti skýrt andúð kvenna á innflytjendum, sérstaklega í ljósi þess að konur upplifa afbrot sem meiri ógn en karlmenn“.¹⁴⁹ Við lestur þessarar greiningar vakna ýmsar spurningar. Var þá ekki fjallað neikvætt um innflytjendur í þeim löndum sem fyrri rannsóknir beinast að? Og ef „fólk með meiri menntun er síður líklegra til að telja afbrot vera ógn en fólk með minni menntun“¹⁵⁰ er þá ósennilegra að langskólagengnar konur finni fyrir þessari ógn en þær minna menntuðu, jafnvel þótt þær fyrrnefndu fylgist jafn vel eða betur með fjölmiðlum (þ.á m. umfjöllun um afbrot) en minna menntaðar konur? Eða er munurinn sá að þær sækja ekki í sömu fjölmiðlana og að ólíkir upplýsingamiðlar ýti mismikið undir ótta (kvenna) í garð útlendinga? Og hversu áhugavert er að endingu í þessu tilfelli samband sem er „marktækt“ en þó „afar veikt“?¹⁵¹

Frá sjónarhóli þeirra sem eru vanir því að ‚kenning‘ merki meira en tölfræðilega staðfest tilgáta um tengsl fáeinna þátta – og vænta þess að samfélagskenning teygi sig út fyrir greiningu slíkra einangraðra orsakasambanda – virðast tölfræðigreiningar Jóns Gunnars og meðhöfunda hans stundum skorta kenningagrundvöll, almennari kenningar um grunn- eða rökgerð mannlegs samfélags.

Innrömmun og stórsaga

Við rannsókn á aktívistum Búsáholdabyltingarinnar beita Jón Gunnar Bernburg og Anna Soffía Víkingsdóttir ekki megindlegri aðferð heldur eigindlegri, nánar til tekið „aðferð grundaðrar kenningar“¹⁵² en eitt einkenni hennar er að ganga ekki til verks með fyrirfram gefna teoríu heldur er um að ræða aðleiðsluaðferð til kenningasmíðar út frá reynslugögnum. Jón Gunnar o.fl. styðjast þó jafnframt við kenningar og niðurstöður annarra. Áðurnefnd stöðluð megindleg viðtöl greindi Jón Gunnar í ljósi kenningar um afstæða skerðingu en við úrvinnslu eigindlegra viðtala við aðgerðasinna leitar hann aftur á móti til kenninga um innrömmun og pólitísk tækifæri.¹⁵³ Það tækifæri

¹⁴⁹ Jón Gunnar Bernburg o.fl., „Fordómar og umburðarlyndi Íslendinga fyrir og eftir hrun“, bls. 426.

¹⁵⁰ Sama rit, bls. 425.

¹⁵¹ Sama rit, bls. 425.

¹⁵² Jón Gunnar Bernburg og Anna Soffía Víkingsdóttir, „Political Opportunity, Framing, and Mobilization in Iceland’s Post-Crash Protests“, bls. 82.

¹⁵³ Jón Gunnar Bernburg, „Economic Crisis and Popular Protest in Iceland, January

sem Jón Gunnar o.fl. greina með hliðsjón af síðarnefndu kenningunni gæti vist fremur augljóst frá bæjardyrum þeirra sem hafa einhverja innsýn í litróf stjórnmalanna: „Grunduð rannsókn okkar leiðir í ljós hvernig virkjandi gerendur sáu í kreppunni tækifæri til að virkja fólk til að skora á hægristjórnina sem hafði lengi ráðið ríkjum á Íslandi.“¹⁵⁴ Erlendar rannsóknir sýni svipaðar niðurstöður: „Breytingar sem fela í sér pólitísk tækifæri leiða þá aðeins til fjöldaaðgerða ef einstaklingar skynja breytingarnar í sögulegu samhengi sem tækifæri til að virkja aðra [...] með herkænsku á borð við innrömmun (ræðuhöld, greinaskrif, sviðsetningu ágreinings, o.s.frv.)“.¹⁵⁵

Kenningin um pólitísk tækifæri er kennd við hversdagsorðið *tækifæri* en hin nátengda kenning um *innrömmun* (e. *framing*) aftur á móti við hugtak sem í þessu samhengi er síður gagnsætt: „Kenningin um innrömmun kveður á um að tilkoma ‚greiningar‘-ramma, sem opnar augu fólks fyrir opinberum vanda og rekur hann til ólögmætra ferla, kunnir að virkja það til þátttöku í fjöldaaðgerðum.“¹⁵⁶ Áþekkt því hvernig Vilhjálmur Árnason notar lýðveldiskenningu og lýðveldislíkan sem samheiti nefnir Jón Gunnar innrömmunar-greininguna ýmist *kenningu* eða *nálgun* (e. *approach*): „Innrömmunar-nálgunin leggur áherslu á þátt vegvísandi túlkana eða ‚ramma‘ við virkjun einstaklinga [sem] taka þá og því aðeins þátt í fjöldaaðgerðum að þeir deili ákveðnum skýringum sem hvetja til slíkra aðgerða og réttlæta þær [...]. Innrömmunar-nálgunin beinir athygli okkar að [...] herkænsku sem fulltrúar félagsshreyfinga beita til að hafa áhrif á ramma einstaklinga“.¹⁵⁷ Þar eð slíka innrömmun má nefna *kenningu* jafnt sem *nálgun* vaknar spurningin hvort kenningar í félagsvísindum megi allt eins nefna *nálganir* með svipuðum hætti og heimspekingar nefna kenningar sínar jafnframt *bugmyndir*. Og ef heimspekileg lýðveldiskenning er kenning í sambærilegum skilningi og félagsvísindaleg innrömmunar*kenning* mætti spyrja hvort samheitin séu yfirfæranleg þannig að allt eins megi nefna þá fyrrnefndu lýðveldis*nálgun* og þá síðarnefndu innrömmunar*líkan* eða jafnvel innrömmunar*bugmynd*.

Íslensku aktívistarnir voru ekki einir um að stunda slíka ‚innrömmun‘ hrunsins: „oddvitar ríkisstjórnarinnar tóku strax að ramma það inn sem ‚al-

2009“, bls. 237.

¹⁵⁴ Jón Gunnar Bernburg og Anna Soffía Víkingsdóttir, „Political Opportunity, Framing, and Mobilization in Iceland’s Post-Crash Protests“, bls. 93.

¹⁵⁵ Sama rit, bls. 82.

¹⁵⁶ Sama rit, bls. 89.

¹⁵⁷ Jón Gunnar Bernburg, „Overthrowing the Government“, bls. 69.

þjóðlegt efnahagsofviðri“.¹⁵⁸ Rammanum sem forystumenn stjórnarmeiri-
hlutans mótuðu stilla Jón Gunnar o.fl. upp andspænis orsakatúlkun aðgerða-
sinna sem römmuðu „hrunið þess í stað inn sem heimatilbúinn vanda og
kenndu yfirvöldum um“.¹⁵⁹ Nánar tiltekið álíta Jón Gunnar o.fl. að það hafi
verið mikilvægt skref hjá aðgerðasinum „að ramma fjármálakreppuna inn
[...] sem siðferðilega-lýðræðislega kreppu“¹⁶⁰ og vísa til erlendra fræðimanna
sem hafi „fært rök fyrir því að ‚siðferðileg áföll‘ geti kallað fram hjá mörgum
einstaklingum þá tilfinningu að þeim beri skylda til að taka þátt í aðgerðum
til umbóta“.¹⁶¹

„Við skilgreinum þrjá af viðmælendum okkar sem ‚mótmælavirkjendur“
(e. *mobilization entrepreneurs*),¹⁶² skrifa Jón Gunnar o.fl., en í hópi þeirra er
Einar Már Guðmundsson sem lýsir breyttu andrúmslofti eftir hrun svo: „Allt
í einu féll það sem ég hafði verið að segja eins og flís við rass ... Ég hef aldrei
fengið jafn mikil og skjót viðbrögð við neinu sem ég hef skrifað.“¹⁶³ Fulltrúar
fræðigreina, sem vinna lítið með viðmælendur og eru vanari því að samfélags-
greining hvíli alfarið á herðum fræðafólks og getu þess til að greina rökgerð
viðfangsins, kunna að vænta þess að sá sem viðtölin tekur greini að minnsta
kosti rökgerðina í máli viðmælenda.¹⁶⁴ Þessu viðhorfi má líkja við það þegar
vænst er af sálgreini að viðkomandi analýseri ‚lógíkina‘ á bak við það sem skjól-
stæðingur hefur orð á. Þannig láti sérfræðingurinn ekki nægja að spyrja við-
mælanda hverja hann telji ástæðuna fyrir hegðunarmynstri sínu vera og noti
síðan greiningu skjólstæðingsins nánast óbreytta sem hluta af ‚eigin‘ grein-
ingu á hegðun hans. „Við spurðum [...] þessa einstaklinga [...] út í herkænsku

¹⁵⁸ Jón Gunnar Bernburg, „Economic Crisis and Popular Protest in Iceland, January 2009“, bls. 236.

¹⁵⁹ Jón Gunnar Bernburg og Anna Soffía Víkingsdóttir, „Political Opportunity, Framing, and Mobilization in Iceland’s Post-Crash Protests“, bls. 81.

¹⁶⁰ Sama rit, bls. 87.

¹⁶¹ Jón Gunnar Bernburg, „Economic Crisis and Popular Protest in Iceland, January 2009“, bls. 248.

¹⁶² Jón Gunnar Bernburg og Anna Soffía Víkingsdóttir, „Political Opportunity, Framing, and Mobilization in Iceland’s Post-Crash Protests“, bls. 82.

¹⁶³ Sama rit, bls. 87.

¹⁶⁴ Dæmi um slíka ‚djúptúlkun‘ er eftirfarandi greining á aðlögun pólskra nýbúa. Fremur en að biðja viðmælendur að meta sjálfir að hvaða marki þeir hafi aðlagast hérlandis greinir höfundur það út frá því hvort þeir taki svo til orða um efnahagsvandann á Íslandi eftir hrun að hann snúi að „þeim“ (Íslendingunum) eða „okkur“ (íbúum landsins). Małgorzata Budyta-Budzyńska, „The Icelandic Financial Crisis and Adaptation Strategies by Poles in Iceland“, bls. 109.

þeirra¹⁶⁵ skrifa Jón Gunnar o.fl. en greiningin á hernaðarlist íslenskra aktívista gæti komið einhverjum full milliliðalaus fyrir sjónir – jafnvel þótt hún sé sett í samband við kenningar um pólitísk tækifæri og innrömmun. Sömuleiðis gætu fyrrgreind stöðluð viðtöl Jóns Gunnars o.fl. virst gefa viðmælendum full mikið vægi til að greina eigin afstöðu á „fimm punkta kvarða“.¹⁶⁶

Bera má notkun Jóns Gunnars o.fl. á hugtakiinu *innrömmun* saman við það hvernig fræðimenn á Hugvísindasviði koma orðum að orsakatúlkunum ólíkra hópa eftir hrun. Áður hefur verið vikið að Vilhjálmi Árnasyni sem komst í umfjöllun sinni um túlkunarátök Davíðs Oddssonar og fleiri eftir hrun af án hugtaksins *innrömmun*. Valur Ingimundarson sagnfræðingur notast við hugtakið *stórsaga* (e. *metanarrative*), sem leiðir huga heimspekinga að Lyotard, um „átök – í tengslum við stjórnmál minninga – tveggja stórsagna [...], vinstrimenn [...] kenndu hægrimönnum um hrunið, [...] nýfrjáls-hyggu þeirra [...], hægrimenn vísuðu til [alþjóðlegu] fjármálakreppunnar sem meginafvaka hrunsins“.¹⁶⁷ Í fljótu bragði er ekkert við viðfangsefnið sjálft, pólitískar orsakatúlkningar, sem kallar á að talað sé um *innrömmun* að hætti félagsvísinda frekar en *stórsögu* í anda hugvísinda – eða öfugt. Þetta minnir okkur á að sjálf viðfangsefni vísindanna útheimta ekki að einhver ákveðin hugtök séu notuð við greiningu þeirra heldur eru slík hugtök manna smíð og lúta að einhverju leyti tiskusveiflum fræðanna.

Fleira er sambærilegt í annars ólíkum greiningarháttum Jóns Gunnars og Vals. Þótt sá síðarnefndi styðjist ekki við tölfræði býst hann sömuleiðis við tilteknum niðurstöðum eða telur ákveðin ferli fyrirsjáanleg, t.d. mismunandi útleggingu „sannleiksskýrslu“ rannsóknarnefndarinnar: „Eins og við var að búast túlkuðu [...] ólíkir hópar skýrsluna með ólíkum hætti. Hún uppfyllti væntingar vinstrimanna að því leyti sem hún [...] fór ítarlega í skelfilegar afleiðingar spilltrar einkavæðingar og regluafnáms; til hægri var sér í lagi greinargerð skýrslunnar um innherjavíðskipti leiðandi hóps bankamanna og fjármálaelítunnar tekið fagnandi.“¹⁶⁸ Væntingar Vals virðast hér ekki síður grundvallast á hæfni til að lesa í rökgerð stjórnmálaátaka en á rannsóknarniðurstöðum annarra. Þó er ýmislegt hliðstætt í greiningum Jóns Gunnars

¹⁶⁵ Jón Gunnar Bernburg og Anna Soffía Víkingsdóttir, „Political Opportunity, Framing, and Mobilization in Iceland’s Post-Crash Protests“, bls. 82.

¹⁶⁶ Jón Gunnar Bernburg o.fl., „Fordómar og umburðarlyndi Íslendinga fyrir og eftir hrun“, bls. 422.

¹⁶⁷ Valur Ingimundarson, „The Politics of Transition, Memory, and Justice. Assigning Blame for the Crisis“, *Iceland’s Financial Crisis*, bls. 140–155, hér bls. 141.

¹⁶⁸ Sama rit, bls. 145.

á þeirri hreyfingu sem Búsáhaldbyltingin var og Vals á umbreytingarréttlæti (e. *transitional justice*) í kjölfar samfélagslegs áfalls. Báðir styðjast við heimildir um þróun í öðrum löndum á undanförunum árum og áratugum sem sé að hluta sambærileg framvindu mála hérlendis eftir hrun. Þannig álitur Valur að ferlið á Íslandi „hafi mörg einkenni samfélaga sem ganga í gegnum umbreytingarferli“.¹⁶⁹ Í ljósi rannsóknarnefndarinnar og réttarhaldanna telur hann – þótt um sé að ræða lýðræðisríki – að „umgjörð umbreytingarréttlætis [...] nýtist til að skýra raunir Íslendinga teoretískt“.¹⁷⁰ Óljóst er í hvaða skilningi Valur vinnur hér með kenningar en víst er að stuðst er við fræðileg hugtök á borð við *stjórnmal minninga* og *réttlætisstjórnmal*. Jón Gunnar sannprófar kenningar og tilgátur erlendra rannsókna en Valur ber umbreytingarréttlæti hérlendis saman við svipuð ferli í öðrum löndum. Hjá Vali gegnir samanburður við aðrar þjóðir síður þeim tilgangi að sannreyna eldri kenningar og tilgátur en að skerpa sýnina á íslenska uppgjörið, skoða hvað sé líkt og hvað ólíkt miðað við ferlin á öðrum stöðum og stundum. Hvað greini íslenska umbreytingarferlið til að mynda frá bankakreppunni á Norðurlöndum á síðasta áratug 20. aldar eða frá uppgjörsferlinu eftir endalok aðskilnaðarstefnunnar í Suður-Afríku; og hvað sé líkt annars ólíkra landa á milli. Þannig eru t.d. „bein og óbein starfsferli umbreytingarréttlætis í kjölfar samfélagsáfalls [...] ávallt hluti af hápólítísku og umdeildu ferli“.¹⁷¹ Valur telur það hafa gerst á Íslandi sem víða má sjá: „Eins og oftast er tilfellið í samfélögum sem glíma við lastafulla fortíð, þarf ekki einungis að eiga sér stað uppgjör við ‚gömlu valdhafana‘ – á sviði viðskipta og stjórn mála – heldur geta þeir jafnframt sett endurkomu sína á svið.“¹⁷² Spurningin er því „að hvaða marki ‚gömlu valdhöfunum‘ tekst að viðhalda sjálfum sér með því að grafa undan lögmæti hinna ‚nýju‘ og smeygja sér inn í og hafa áhrif á umskiptin“.¹⁷³ Auk þess hafi afstaða íslensks almennings til Landsdóms staðfest þá „tilhneigingu – sem hefur sýnt sig á umbreytingarskeiðum annarra landa – að hefndargirnin er meiri skömmu eftir meiriháttar samfélagsrof“¹⁷⁴ en síðar. Látum hér nægja að bæta við einu samanburðardæmi Vals: „Líkt og í kjölfar samfélagsáfalla annarra þjóða hefur verið tilhneigning til að pikka út nokkra sökudólga og forðast þannig spurningar um víðtækari samfélags-

¹⁶⁹ Sama rit, bls. 143.

¹⁷⁰ Sama rit, bls. 143.

¹⁷¹ Sama rit, bls. 148.

¹⁷² Sama rit, bls. 148.

¹⁷³ Sama rit, bls. 148.

¹⁷⁴ Sama rit, bls. 148.

ábyrgð.¹⁷⁵ Þannig glöggvar alþjóðlegur samanburður Vals sýnina á íslenska tilfellið en auk þess virðast, eins og hjá Jóni Gunnari, eldri rannsóknir á ferlum í öðrum löndum vísa Vali veginn um hvaða þætti hafa beri í huga þegar rýnt er í umbreytingarferlið héraendis.

Augljós munur á nálgun Vals og Jóns Gunnars eru þættir á borð við megindega aðferðafræði hins síðarnefnda og framsetningu afmarkaðra tilgátna sem má sannreyna. Í hinu smáa má sömuleiðis sjá atriði sem greina skrif sagnfræðingsins frá félagsfræðingnum og bera þess merki að sá fyrrnefndi er fræðimaður á Hugvísindasviði. Smáatriðið sem um ræðir eru vísanir Vals í fagurbókmenntir. Þannig hefst önnur kreppugrein hans á tilvitnun í *The Great Gatsby* eftir Fitzgerald, eitt af fjölmörgum skáldverkum sem Einar Már vísar til í sinni kreppubók. Í þeirri grein Vals sem hér er til umræðu vitnar hann aftur á móti í *Hlébarðann* eftir Lampedusa og líkir auk þess þeirri forlagatru sem einkennir málsvörn Geirs H. Haarde við harmleik að hætti Shakespeare. Guðni Elísson bókmenntafræðingur skoðar sömuleiðis ákveðna þætti hrunsins í ljósi harmleikja.¹⁷⁶ Og þótt sagnfræði og bókmenntafræði séu ólík vísindi og nálgun Vals og Guðna að mörgu leyti frábrugðin eru vísanir í skáldrit hluti af sjálfsmýnd – anda fremur en aðferð – margra hugvísinda, ólíkt til að mynda megindelegum félagsvísindum. Þetta minnir okkur á að markalínur á milli fræðigreina eru að hluta til mörk á milli ‚menningarheima‘ háskólasamfélagsins. Enda þótt bókmenntavísanir Vals séu fáar í samanburði við þær fjölmörgu sem kreppugreining Einars Márs hefur að geyma, skarast hvað þetta smáatriði varðar framsetningarmáti skáldsins og hugvísindamannsins.

Tölfræðilega grundvallaðar forskriftir

Félagsvísindi voru á tilurðarskeiði sínu á 19. öld sambland af reynsluathugun á samfélaginu og normatífum hugmyndum um það hvernig þjóðfélagið ætti að vera. Er líða tók á 20. öld sagði félagsvísindafólk í auknum mæli skilið við hina boðandi hlið og kappkostaði einkum að lýsa þjóðfélaginu með fræðilegum hætti. Félagsheimspeki var þannig að mestu látið eftir að setja fram samfélagsforskriftir. Í ljósi þessarar þróunar vekur athygli hve oft skrif félagsvísindafólks um íslenska efnahagshrunið hafa að geyma normatífan hluta. Að því leyti virðast þau greina sig sáralítið frá heimspekilegum

¹⁷⁵ Sama rit, bls. 149.

¹⁷⁶ Guðni Elísson, „Vogun vinnur... Hvar liggja rætur íslenska fjármálahrunsins?“, *Saga* 2/2009, bls. 117–146, hér bls. 140.

greiningum hrunsins. Þannig vaknar spurningin hvort fræðamörk hafi riðlast við hrunið, hvort forskriftarhlutar í fræðitextum um kreppuna spretti af þörf fræðimanna til að leggja sinn skerf til endurbóta eftir hrun. Eykur samfélagslegur óstöðugleiki eftirspurn eftir boðandi fræðum eða hefur gagnýtur hluti vísinda um mannlegt samfélag almennt aukist á undanförunum áratugum um leið og heimspekin er orðin hógværi boðandi – þannig að dregið hafi úr muninum á heimspeki og vísindum hvað þetta varðar? Lengi vel var það sérkenni íslenskrar heimspeki, nánar tiltekið siðfræðinnar, að hún greindi sig frá flestum vísindagreinum að því leyti að henni var síður ætlað að lýsa heiminum eins og hann er en því hvernig hann á að vera. Sé rýnt í skrif vísindafólks um hrunið virðist það í kjölfar áfallsins í auknum mæli hafa greint ekki aðeins ferlið heldur um leið tjáð sig í nafni fræða sinna um það hvaða endurbætur séu æskilegar og þannig lagt sitt af mörkum til að koma í veg fyrir að ófarirnar endurtækju sig. Þannig spyrja ekki aðeins viðskiptasiðfræðingar hvaða „lærdóm megi draga af harmförum Íslendinga“ og setja í greinarlok fram „Tillögur“. ¹⁷⁷ Jafnframt má til að mynda í skrifum félagssálfræðinga og miðaldafræðinga lesa sér til um það hvað „við þurfum að gera núna“. ¹⁷⁸

Vitaskuld eru áðurnefnd skrif Ólafs Páls og Vilhjálms að hluta til boðandi heimspeki, ¹⁷⁹ sá siðarnefndi styðst við grein Habermas um þrjú boðandi lýðræðislíkön. Í ljósi þess að Vilhjálmur beitir tveimur þeirra til að varpa ljósi á þá lýðræðishugsun sem var ráðandi fyrir og eftir hrun vaknar þó spurningin hvort eina lýðræðislíkanið í grein hans sem er strangt tiltekið boðandi – í hefðbundnum skilningi þess sem ekki er en ætti að vera – sé rökræðulíkanið, sem hann notar til að gagnrýna hin tvö, út frá ákjósanlegu lýðræði. Og þar eð Vilhjálmur innlimar í rannsóknir sínar ótal lýsingar á íslensku samfélagi fyrir og eftir hrun verða þessi skrif hans varla flokkuð sem

¹⁷⁷ Vlad Vaiman, Pröstur Sigurjónsson og Páll Davíðsson, „Weak Business Culture as an Antecedent of Economic Crisis. The Case of Iceland“, *Journal of Business Ethics* 2/2011, bls. 259–272, hér bls. 259, 270.

¹⁷⁸ Sja Hulda Þórisdóttir og Karen Erla Karólínudóttir, „The Boom and the Bust. Can Theories from Social Psychology and Related Disciplines Account for One Country’s Economic Crisis?“, *Analyses of Social Issues and Public Policy* 2014, bls. 281–310, hér bls. 303; Guðrún Nordal, „Endurtekin stef um óhóf, ofsa og ágrind“, *Skírni* 1/2009, bls. 76–86, hér bls. 84.

¹⁷⁹ Eitt sérkenni boðandi heimspeki er að oft er flakkað óskipulega á milli lýsinga á því hvernig veruleikinn er og hvernig hann ætti að vera. Þannig er til að mynda óljóst hvort það sem um ræðir „er eða ætti að vera“, hvort einstaklingar í raun „telja sig, eða ættu að telja sig“ eitthvað ákveðið. Ólafur Páll Jónsson, „Lýðræði, réttlæti og haustið 2008“, bls. 295, 296.

hrein boðandi heimspeki.

Það vekur athygli að þau skrif um hrunið sem eru einna skýrast boðandi koma ekki úr fórum heimspekinga heldur stjórn málafræðinga. Í grein um Búsáholdamótmælin rannsakar Eva H. Önnudóttir „við hvaða skilyrði sé réttlætlanlegt að stjórnvöld taki tillit til krafna mótmælenda“.¹⁸⁰ Frá sjónarhóli heimspekinga eru spurningar um skilyrði hins réttmæta háheimspekilegar og eitt þeirra sérkenna sem aðskilja boðandi heimspeki frá grannvísindum. Ólafur Páll heimspekingur leitast þó ekki við að rannsaka þessi skilyrði heldur lítur einfaldlega svo á „að búsáholdabyltingin sé frábært dæmi um það hvaða áhrif fólk getur haft með sínum venjulegu lýðréttindum“.¹⁸¹ Þar eð rannsóknarspurning Evu er sett fram í nafni stjórn málafræði gæti hér verið á ferð dæmi um heimspekilega spurningu sem kviknar innan annarrar fræðigreinar. Eva virðist þó ekki líta svo á að spurningin sé heimspekileg eða óhefðbundið viðfangsefni stjórn málafræði. Sé rýnt í heimildirnar sem hún styðst við kemur á daginn að auk hefðbundnari félagsvísinda gegna greinar tveggja fræðimanna, Teorell og Beetham, meginhlutverki við framsetningu réttlætisskilyrðanna. Sá síðarnefndi ræðir m.a. um „boðandi grundvöll fulltrúalýðveldis“¹⁸² og vill „varpa fram boðandi lykilspurningu [...] um „siðferði stjórnskipulags“, svo notast sé við orðalag Mills“ sem tali einnig um „siðfræði fulltrúastjórnar“.¹⁸³

Teorell, sem eitt réttlætisskilyrðið er sótt til, er sömuleiðis heimspekilegri en útlekking Evu ber með sér. Í annarri þeirra greina Teorell sem hún vísar til eru settar „fram tillögur að rannsókn á pólitískri þátttöku sem miðar að því að veita empírísk svör við spurningum sem spretta úr boðandi stjórn málaákenningum“.¹⁸⁴ Um reynsluathuganir á pólitískri þátttöku skrifar Teorell: „Þótt það sé iðulega innblásið af boðandi hugleiðingum er rannsóknarsviðið sem fyrir í furðu losaralegum tengslum við lýðræðiskenningar“; sumir „leggja upp með forskriftar- jafnt sem reynsluspurningar, en þegar

¹⁸⁰ Eva H. Önnudóttir, „The ‘Pots and Pans’ Protests and Requirements for Responsiveness of the Authorities“, *Icelandic Review of Politics & Administration* 2/2016, bls. 195–214, hér 195.

¹⁸¹ Ólafur Páll Jónsson, „Lýðræði, réttlæti og haustið 2008“, bls. 302.

¹⁸² David Beetham, „Political Participation, Mass Protest and Representative Democracy“, *Parliamentary Affairs* 4/2003, bls. 597–609, hér bls. 597.

¹⁸³ Sama rit, bls. 603, 600.

¹⁸⁴ Jan Teorell, „Political Participation and Three Theories of Democracy. A Research Inventory and Agenda“, *European Journal of Political Research* 5/2006, bls. 787–810, hér bls. 787.

upp er staðið er einungis glímt við þær síðarnefndu“.¹⁸⁵ Teorell gagnrýnir þá „tilhneigingu að boðandi og lýsandi kenningar ‚spretti fram úr fræðaskrifum sem oftast fara aðskildar brautir og vita sjaldnast hver af öðrum‘ [...] Markmiðið [...] er að herða þá strengi sem tengja þessar tvær fræðibókmenntagreinar“.¹⁸⁶ Hann varpar síðan fram spurningunni um „mögulega öfuga svörun frá empírískum niðurstöðum til boðandi kenningar“,¹⁸⁷ þ.e. hvað „lýsandi stjórn málafræði geti lagt af mörkum til boðandi heimspeki“.¹⁸⁸

Slíkar vangaveltur rata ekki inn í rannsókn Evu. Þótt Teorell styðjist að hætti Habermas við þrjú lýðræðislíkön lendir áður nefnd grein Vilhjálm Árnasonar, sem grundvallast á þrískiptingu þýska hugsuðarins, ekki á heimildalista Evu, jafnvel þótt hún geri þessi lýðræðislíkön að umtalsefni.¹⁸⁹ Á þeim lista er heldur ekki að finna grein Jóns Ólafssonar „Andóf, mótmæli og ‚hefðbundin‘ stjórn málaþátttaka“ sem fjallar m.a. um siðferðilegt réttmæti mótmæla.¹⁹⁰ Og þótt meginspurning hennar sé þess eðlis notar Eva ekki hugtök á borð við *boðandi*, *forskrift* eða *normatíf*, ólíkt þeim fræðimönnum sem hún sækir mælikvarðana til. Hún lætur sér nægja að telja upp skilyrðin sem hún sækir til Beetham og Teorell, og greina síðan stöðluð viðtöl tölfræðilega með svipuðum hætti og Jón Gunnar Bernburg.¹⁹¹ Niðurstaða Evu er að öll skilyrðin hafi verið uppfyllt og því réttmætt að ríkisstjórnin yrði við kröfum mótmælenda: „Í ljósi alvarleika þeirra mála sem leiddu til mótmælanna og þess að þau snertu þjóðina alla, auk þess hve fjölmenn mótmælin voru, hversu víðtækur stuðningur við þau var og þjóðfélagsumræðan um þessi mál ítarleg, er hér á ferð grundvallardæmi um stöðu þar sem yfirvöld ættu að íhuga að verða við kröfum mótmælenda.“¹⁹² Eva kennir rann-

¹⁸⁵ Sama rit, bls. 787.

¹⁸⁶ Sama rit, bls. 787.

¹⁸⁷ Sama rit, bls. 788.

¹⁸⁸ Sama rit, bls. 805.

¹⁸⁹ Eva H. Önnudóttir, „The ‘Pots and Pans’ Protests and Requirements for Responsiveness of the Authorities“, bls. 200.

¹⁹⁰ Jón Ólafsson, „Andóf, mótmæli og ‚hefðbundin‘ stjórn málaþátttaka“, *Andóf, úgreiningur og áróður*, bls. 37–51.

¹⁹¹ Slík aðferðafræðileg nánd minnir okkur á það að nástaða fræðafólks er ekki endilega mikil þótt það starfi innan sömu vísindagreinar – þar eð mismunandi skólar viðkomandi fræðigreinar beita mögulega ólíkri aðferðafræði – heldur getur nálgun fræðafólks, fyrir tilstilli svipaðrar aðferðafræði, verið nær fulltrúum annarrar vísindagreinar en sumra samstarfsmanna.

¹⁹² Eva H. Önnudóttir, „The ‘Pots and Pans’ Protests and Requirements for Responsiveness of the Authorities“, bls. 195. Heimspekingur virðist líta svo á að a.m.k. tvö sambærileg skilyrði hafi verið uppfyllt: „Það er ekki hægt að líta þessar hræringar

sóknarspurningu sína ekki við stjórnspeki, pólitíska forskriftarkenningu eða boðandi stjórn málafræði en spurningin og niðurstaðan hafa þó ýmis einkenni normatífrar heimspeki: Sú ákvörðun stjórnvalda hvort verða eigi við kröfunum er einangruð frá hagsmunasamhengi slíkrar ákvarðanatöku og skoðuð frá ákjósanlegum sjónarhóli. Sú grundvallarstaðreynd, sem eflaust mætti styðja tölfræðilega, að stjórn málamenn segja sjaldnast af sér nema þeir eigi ekki annarra kosta vöð, er hér sett til hliðar. Þess í stað er spurt hvenær rétt sé að ríkisstjórn biðjist lausnar, óháð því hagsmunaneti sem ráðherrar starfa innan. Varla er raunsætt að vænta lausnarbeiðni stjórna hafi þær slíkan lista fyrir framan sig og staðfestingu þess að öll skilyrðin hafi verið uppfyllt. Stjórnvöld segja síður af sér vegna knýjandi raka en, eins og í tilfelli Búsáholdabyltingarinnar, sökum þess hvað þrýstingurinn af götunni, sem ekki var með öllu laus við valdbeitingu, var orðinn mikill.¹⁹³ Vitaskuld getur eigi að síður verið fræðilega áhugavert að ræða slíka mælikvarða með normatífum hætti; frá sjónarhóli raunverulegra pólitískra átaka getur slík framsetning þó virkað fremur ‚klínísk‘ – líkt og boðandi heimspeki almennt á þá sem aðhyllast raunsærri samfélagsrýni. Slíkri gagnrýni svara boðandi heimspekingar gjarnan á þá leið að þeir kappkosti síður að lýsa heiminum eins og hann er (eða var) í raun en heiminum eins og hann ætti að vera – og bæta því við að framsetning slíks mælikvarða sé forsenda eiginlegrar gagnrýni á samfélagið eins og það er í raun: án viðmiðs sé gagnrýni óhugsandi.

Eitt af því sem gerir framsetningu Evu á spurningunni um réttlætisskilyrðin áhugaverða frá sjónarhóli heimspeki er að ólíkt hefðbundnum hugsuðum vinnur Eva ekki úr normatífri spurningu með rökhusunina eina að vopni heldur leitar hún að hluta til svara með því að skoða veruleikann tölfræðilega. Heimspekingar kanna réttmæti með réttlætisprófi, fávísisfeldi eða öðrum upphugsuðum prófum, og notast í því skyni við rökhusun. Megindlega þenkjandi stjórn málafræðingur beitir aftur á móti reynslugögnum til að ganga úr skugga um það hvort tiltekin krafa stenst réttlætisprófið. Eva

smáum augum [...]; þvert á móti er hér á ferðinni fjöldi fólks úr öllum stéttum og úr öllu litrófi stjórn málafræði. Sú gagnrýni sem sett er fram varðar alls ekki léttvæg umkvörtunarefni eða afmarkaða hagsmuni heldur grunn gildi samfélagsins“. Ólafur Páll Jónsson, „Lýðræði, réttlæti og haustið 2008“, bls. 285.

¹⁹³ Auk þess tíðkast það ekki endilega í stjórn málafræði að gefa upp raunverulega ástæðu afsagnar opinberlega: „þótt búsáholdabyltingin hafi í raun hrakið ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar frá, þá var opinbera skýringin á stjórnarslitunum sú að óeining væri meðal þessara tveggja flokka en ekki að samfélagið logaði af reiði“. Ólafur Páll Jónsson, „Lýðræði, réttlæti og haustið 2008“, bls. 302.

setur fram „eftirfarandi tilgátu: [...] Ef fólk fann hjá sér hvöt til að taka þátt í Búsáhaldamótmælunum, hindraði takmarkað ráðrúm þess það ekki í þátttöku.“¹⁹⁴ Og þar eð þátttakan reyndist – er snertir auðlindir á borð við tekjur og menntun – óheft má álykta að varðandi þátttöku hafi ríkt „málsmeðferðar-jafnrétti milli þeirra sem mótmæltu og hinna sem gerðu það ekki“.¹⁹⁵

Hefðbundnum heimspekingum kann að þykja próf af þessum toga, þar sem réttlætið er raunprófað tölfræðilega, framandi. Sannur hugsuður þurfi ekki að rýna í slíkar megindlegar rannsóknir – ekki frekar en ósvikinn tölfræðingur í háheimspekilegar vangaveltur um réttlæti. Sé fræðafólk opið fyrir því að endurskoða þessa stíðu verkaskiptingu, þessi ill sveigjanlegu fræðamörk, gætu þó skapast nýir möguleikar, nýstárlegar spurningar og hugsanlega komið fram frumlegar lausnir. Spurningar boðandi heimspeki gætu brotist út fyrir markalínur fræðigreinar sem einkennist af því að stjórnspekingar virðast leiðrétta hver annan með rökhugsuninni einni saman, þótt ósjaldan læðist að lesandanum sá grunur að þau almennu svör sem ólíkir hugsuðir gefa af fullri sannfæringu endurspegli að hluta samfélagssýn hvers og eins. Vitaskuld er ávinningur af því að auk áþreifanlegra deilna utan háskólasamfélagsins um hina ákjósanlegu samfélagsskipan eigi sér stað fágúð heimspekileg rökræða sem knýr þátttakendur til að kappkosta að færa ópersónuleg rök fyrir máli sínu. Til viðbótar við þessa virðingarverðu iðju heimspekinga væri fengur að því ef tækist að innlima í boðandi heimspeki nýjar leiðir til að sannreyna – þótt ekki væri nema að takmörkuðu leyti – grundvöll ólíkrar afstöðu.

Orsakir og blíðstæður

Efnahagshruninu fylgdu orsakaskýringar úr ýmsum áttum. Þótt þær séu eitt megineinkenni fræðilegra greininga er það ekki sérkenni háskólasamfélagsins að leita orsaka. Séu fræðilegar skýringar frábrugðnar ófræðilegum felst einkenni þeirra væntanlega fremur í því hvernig vísindafólk greinir orsakasamhengi. Það bætir t.d. ekki aðeins við þær skýringar á hruninu sem ýmsir hópar þjóðfélagsins hafa sett fram heldur er um leið kappkostað að skýra orsakir þess að mismunandi hópar setja fram ólíkar orsakaskýringar á sama fyrirbæri. Önnur sérstaða fræðilegra greininga á hruninu er að velt er upp spurningum um ólík skýringarlíkön og rýnt í þætti sem eru meira ab-

¹⁹⁴ Eva H. Önnudóttir, „The ‘Pots and Pans’ Protests and Requirements for Responsiveness of the Authorities“, bls. 202.

¹⁹⁵ Sama rit, bls. 196.

strakt en sjálf atburðarásin. Þannig gagnrýndi t.d. Vilhjálmur Árnason, eins og fyrr er getið, skýringar aðferðafræðilegrar einstaklingshyggju og dró inn í orsakaskýringu sína almennari og óhlutbundnari fyrirbæri á borð við þá frjálslyndu lýðræðissýn sem ríkti fyrir hrun. Aðstoð við að skýra afmarkaðri þætti eins og útbreidda vantrú á gagnrýnum efnahagsskýrslum sækir hann til félagssálfræðings: „Hvatadrifin rökhugsun [e. *motivated reasoning*] veldur því að fólk var sannfært um að [gagnrýnar] skýrslur væru illa skrifaðar og unnar.“¹⁹⁶ Hér er afmarkað fyrirbæri skýrt með hliðsjón af almennri kenningu um mannlega hegðun.

Ólafur Páll Jónsson heimspekingur taldi sig frá sjónarhóli hins almenna hafa „rakið [...] eðli og orsakir kreppunnar“¹⁹⁷ og geta því sagt til um það hvernig bregðast beri við óförunum. Ítarlegan skilning á stökum þáttum kreppunnar áleit hann vera framtíðarviðfangsefni annarra fræðigreina: „Það á eftir að verða ærið verkefni bæði sagnfræðinga og hagfræðinga að grafa fyrir um og skilja orsakir þessarar kreppu til nokkurrar hlítar.“¹⁹⁸ Almennar vangaveltur um orsakaskýringar á hruninu er hins vegar að finna hjá Guðna Elíssyni bókmenntafræðingi sem veltir fyrir sér hve langt aftur í tímann megi rekja orsakir hrunsins. „Eru uppgangsrín hluti af sögu hrunsins“ spyr Guðni svo og „hvort endirinn búi í sjálfu upphafinu“.¹⁹⁹ Auk þess er spurt: „Hversu margir bera ábyrgð á hruninu?“ og síðast en ekki síst: „Um hvað fjallar saga hrunsins?“²⁰⁰ Almennra spurninga af þessum toga væri ekki síður að vænta úr röðum heimspekinga en bókmenntafræðinga. Báðar þessar fræðigreinar heyra undir Hugvísindasvið sem enn fremur hefur að geyma Guðfræðideild er nýtur nokkurrar sérstöðu innan Háskóla Íslands þegar kemur að orsakaskýringum. Þetta birtist til að mynda í þeirri fullyrðingu „að hrúnið sé, að guðfræðilegum skilningi, afleiðing þess að syndin kom til og spillti hinni góðu sköpun“.²⁰¹ Þrátt fyrir þetta sérkenni á guðfræðin ýmislegt sameiginlegt með sumum öðrum hugvísindagreinum, t.d. hina sögulegu nálgun, iðkun samfélagsrýni með abstrakt hugtökum, sem og áhugann

¹⁹⁶ Hulda Þórisdóttir og Karen Erla Karólínudóttir, „The Boom and the Bust“, bls. 293.

¹⁹⁷ Ólafur Páll Jónsson, „Kreppa, náttúra og sálarlíf“, bls. 110.

¹⁹⁸ Sama rit, bls. 99.

¹⁹⁹ Guðni Elísson, „Vogun vinnur... Hvar liggja rætur íslenska fjármálahrunsins?“, bls. 139.

²⁰⁰ Sama rit, bls. 132, 143.

²⁰¹ Arnfríður Guðmundsdóttir og Hjalti Hugason, „Guðfræðin í pólitíkinni – pólitíkin í guðfræðinni“, *Ritið* 2–3/2009, bls. 57–79, hér bls. 62.

á textatúlkun, mannlegri breytni, siðfræði og því að skoða samtímamann í ljósi eldri texta.²⁰²

Til Hugvísindasviðs teljast jafnframt íslensk miðaldafræði. Þau fræði hafa í tengslum við hrunið þá sérstöðu að svonefndir ‘útrásarvíkingar’ settu sjálfa sig í óbeint orsakasambandi við íslenskar miðaldabókmenntir. Í kjölfar hrunsins velti Guðrún Nordal, prófessor í íslenskum miðaldabókmenntum, upp spurningunni um það þegar gripið er „til hliðstæðna við löngu gengna atburði til að gera nútímamann skiljanlegan [...]. Er mögulegt að tengja okkur við þessa gömlu öld og skoða gerðir okkar sjálfra í ljósi þeirra hvata sem knúðu samlanda okkar til umdeilda athafna fyrir átta öldum?“²⁰³ Guðrún svarar: „hinn þjóðfélagslegi og hagræni samanburður verður ómarkviss og beinlínis villandi, því að samfélag okkar og þrettánda aldar grundvallast á ólíkum lögum og félagslegu skipulagi.“²⁰⁴ Þrátt fyrir þessi umskipti sé það svo „að mannlegi þátturinn er samur og jafnvel þau siðferðilegu gildi sem samfélagsskipanin er reist á“.²⁰⁵ Guðrún íhugar hér ekki þann möguleika að mismunandi samfélagsgerðir ýti undir ólík siðferðisgildi.²⁰⁶ Þess í stað virðist hún ganga út frá því að slík gildi séu varanlegri en efnahags- og réttarskipan og auk þess einhvers konar hornsteinn þjóðfélagsins. Þannig grundvallist Ísland nútímans enn á sambærilegum gildum og voru útbreidd hér á Sturlungaöld. Á krepputímum getur þó í kjölfar siðferðisbrests myndast óvissuástand og þá sé mikilvægt að „missa ekki sjónar af þeim siðferðilegum gildum sem búa í menningu okkar og sögu“.²⁰⁷ Jafnvel þótt gildin víki tímabundið í nútímanum eru þau varðveitt um allar aldir, m.a. í fornsögum okkar Íslendinga.

Áður var vikið að því að samanburður er ein af grundvallaraðferðum hugvísinda og samlíking við önnur lönd og aðra (nýrri) tíma sömuleiðis

²⁰² Trúarbragðafræðin er aftur á móti dæmi um undirgrein guðfræðinnar sem ekki hefur þetta sérkenni. Sjá t.d. Pétur Pétursson, „Karisma og kapital. Íslenska útrásin borin saman við vakningarhreyfingu“, *Rammsóknir í félagsvísindum XI. Félags- og mannvísindadeild*, ritstj. Helga Ólafs og Hulda Proppé, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2010, bls. 222–229.

²⁰³ Guðrún Nordal, „Endurtekin stef um óhóf, ofsa og ágirnd“, bls. 76–77. Hún flutti samnefnt erindi 14. mars 2009 í opinni fyrirlestraröð Háskóla Íslands „Mannlíf og kreppur“.

²⁰⁴ Sama rit, bls. 77.

²⁰⁵ Sama rit, bls. 77.

²⁰⁶ Hún skoðar hins vegar tengsl samfélagsskipanar og siðferðis í doktorsritgerð sinni: Guðrún Nordal, *Ethics and Action in Thirteenth-Century Iceland*, Odense: Odense University Press, 1998.

²⁰⁷ Guðrún Nordal, „Endurtekin stef um óhóf, ofsa og ágirnd“, bls. 85.

viðurkennd aðferð innan félagsvísinda. Skorti meginlæg félagsvísindi stundum næmi t.d. fyrir félagsögulegum greinarmun á ólíkum stundum og stöðum mætti aftur á móti spyrja hvort Guðrún, fræðimaður á Hugvísindasviði, geri í stuttri grein sinni – þótt hún slái ýmsa varnagla – Íslandi upp full mikla sérstöðu. Við lesturinn sprettur þessi tilfinning síður af því að hún segi þetta beinum orðum en því að ólíkt t.d. Jóni Gunnari Bernburg og Vali Ingimundarsyni tekur Guðrún ekki dæmi af sambærilegum fyrirbærum í öðrum löndum. Að vísu mætti túlka það þegar hún gerir að umtalsefni „ójafnvægi milli einstaklinga í litlu landi“²⁰⁸ svo – eins og nærtækt væri innan félagsvísinda – að hér sé ekki á ferð séríslenskt vandamál heldur jafnvæggisskortur í fámennum löndum almennt. „Fámenni krefst aga, skýrra leikreglna en þó sveigjanleika í samskiptum“; þetta gæti sömuleiðis verið almennt einkenni fámennra þjóða sem og „minnimáttarkennd Íslendinga gagnvart erlendum þjóðum“ og það „að samgangur milli stétta hefur verið greiðari í fámenninu á Íslandi en í fjölmennari löndum“.²⁰⁹ Sjálf ber Guðrún ekki upp þá spurningu hvort ákveðin einkenni landans, sem hún álitur orsakast af smæð þjóðfélagsins,²¹⁰ séu séríslensk eða sömuleiðis að finna hjá öðrum smáþjóðum. Stundum er orðalag Guðrúnar heldur til marks um að hér séu á ferð varanleg sérkenni okkar: „Íslendingar eiga auðveldara með að gefa eftir við útlendinga en sína nánustu nágranna eða pólitíska andstæðinga.“²¹¹ Þegar upp er staðið er óljóst hvort slíkir eiginleikar komi til af smæð þjóðarinnar, sögu okkar eða séríslenskum siðferðisgildum. Eftirfarandi fullyrðing Guðrúnar vekur upp svipaðar spurningar: „Við sjáum ótrúlega lík stef endurtaka sig hvað eftir annað í íslenskri sögu“ og því „er ekki að furða að stef um ofsa, óhóf og ágirnd séu sífellt endurtekin í bókmenntum okkar“.²¹² Einkenna slíkar endurtekningar jafnframt sögu annarra þjóða og hver er ástæða þeirra? Erum við hneppt í einhvers konar álög eilífrar endurtekningar? Eða þröngva túlkanir þessa samsemd upp á atburði sem eru þó í mikilvægum atriðum ólíkir?

„Er slíkur samanburður fortíðar og nútíðar aðeins samkvæmisleikur eða getum við í raun lært af fortíðinni?“²¹³ spyr Guðrún og svarar: „Við dýpkum skilning okkar og nákvæma greiningu á samtíma okkar með því að máta

²⁰⁸ Sama rit, bls. 85.

²⁰⁹ Sama rit, bls. 76, 82, 80.

²¹⁰ Sama rit, bls. 79.

²¹¹ Sama rit, bls. 82.

²¹² Sama rit, bls. 85, 77.

²¹³ Sama rit, bls. 85.

hann við annan tíma því að þá verðum við að hugsa skýrt.²¹⁴ Hvorki er ástæða til að efast um þann „lærdóm sem draga má af atburðum þrettánda aldar“ né að finna megi t.d. „áhugaverðar hliðstæður við viðkvæma og veika stöðu Alþingis nú á dögum“.²¹⁵ Samanburður er sem fyrr segir eitt grundvallareinkenni hugvísinda, aðferð sem útheimtir frjóa hugsun. Til að tryggja að hann verði meira en fágæður ‚samkvæmisleikur‘ sem glæðir anda lesenda og fjarlægist ekki um of ráðandi hugmyndir félagsvísindafólks um orsakaskýringar er brýnt að láta ekki staðar numið við skapandi samanburð. Auk þess þarf að leita með skipulegum hætti leiða til að skýra hvað liggja meintri sögulegri hliðstæðu til grundvallar. Það er ekki auðgert að rekja orsakatengsl með áþreifanlegum hætti átta aldir aftur í tímann. Þær fágæðu hliðstæður sem Guðrún setur fram greina sig þó ekki alltaf nógu skýrt frá hliðstæðum sem settar eru fram í ‚samkvæmisleikjum‘ utan fræðasamfélagsins. Hún virðist ganga út frá því að réttmæti hliðstæðnanna grundvallist m.a. á varanleika íslenskra siðferðisgilda án þess þó að fara nánar út í orsakasamhengið. Spurningin er hvort ekki verði að grundvalla slíkar hliðstæður betur eigi þær að hafa fræðilegt vægi. Mætti ef til vill segja eitthvað fræðilega áhugavert um orsakatengsl ‚útrásarvíkinga‘ og íslenskra miðaldabókmennta án þess að brúa þurfi átta aldir með fremur óljósri og óskipulagðri vísun í þætti á borð við íslenskt siðferði og smæð landsins?

Í samanburði við meint aldalöng tengsl fyrir tilstilli varanleika íslenskra siðferðisgilda er ekkert síður athyglisvert að skoða tengingar sem eigi þarf að sækja jafn langt. Fræðilega nærtækara væri að velta til dæmis fyrir sér hver sé meginuppspretta sjálfsmýndar ‚útrásarvíkinganna‘. Hvaða vísindagrein væri best til slíkra hugleiðinga fallin? Kristín Loftsdóttir mannfræðingur er í hópi þeirra sem mest rituðu um hrunið og rannsakaði m.a. uppsprettu víkingaímýndarinnar.²¹⁶ Hún álitur að „sam tímahugmyndir um útrás Íslendinga verði eingöngu skiljanlegar í samhengi við þjóðernishyggju“.²¹⁷ Líkt og Guðrún Nordal ber Kristín stöku sinnum þróunina fyrir og eftir hrun saman við þema sem hún er sérhæfð í: „Ég sé tiltekinn samhljóm milli þessara þjóðernislegu orðræðna samtímans og þjóðernishyggju WoDaaBe-

²¹⁴ Sama rit, bls. 85.

²¹⁵ Sama rit, bls. 81.

²¹⁶ Sjá m.a. Kristín Loftsdóttir, *Crisis and Coloniality at Europe's Margins. Creating Exotic Iceland*, New York: Routledge, 2019.

²¹⁷ Kristín Loftsdóttir, „Kjarnmesta fólkið í heimi. Þrástef íslenskrar þjóðernishyggju í gegnum lýðveldisbaráttu, útrás og kreppu“, *Ritið* 2–3/2009, bls. 113–139, hér bls. 114.

fólksins – lítils minnihlutahóps í Níger sem ég hef rannsakað²¹⁸. Auk þessarar áhugaverðu hliðstæðu kappkastar Kristín þó einkum að greina víkinga-ímyndina fyrir hrun m.a. í orðræðu forseta Íslands, forsætisráðuneytisins, Viðskiptaráðs, forstjóra fyrirtækja, fjölmiðla og auglýsinga. En hvaða aðferð notar mannfræðingur við greiningu á meginuppsprettu víkingaímyndarinnar?: „Sögulega greiningu á námsbókum“²¹⁹. Þar með er ekki endilega sagt að aðferð Kristínar sé hér sagnfræðileg en hún minnir þó neðanmáls „á greiningu Þorgerðar H. Þorvaldsdóttur á texta 24 kennslubóka sem notaðar hafa verið í sögukennslu“²²⁰. Sjálf greinir Kristín „hvernig ímyndir í gömlum námsbókum tengdust orðfæri útrásarvíkinganna“²²¹. Með því að draga fram þær sögubækur sem lengst af voru áhrifamestar í grunnskólum hérlandis rekur hún höfuðuppsprettu hugmynda þeirra sem ekki eru sérmenntaðir í íslenskum miðaldafræðum um umrætt tímabil. Þessi uppsprettulind sam- eina hugmyndir breiðs hóps, þ.á m. ‚útrásarvíkinga‘ og annarra kunnra Íslendinga: „Orð Bjarkar [Guðmundsdóttur] eru í raun sláandi lík orðum Jóns Aðils eða Jónasar frá Hriflu sem ber þess merki hversu sterkar og áhrifamikl- ar þessar orðræður hafa verið, og ekki einskorðaðar við nokkra einstaklinga í samfélaginu.“²²² Með því að rekja uppruna slíkra hugmynda til áhrifamikilla kennslubóka í Íslandssögu frá upphafi 20. aldar aðgreinir Kristín sig frá til- raunum til að draga fram óhóflega samfellu Íslandssögunnar: „Það sem er blekkjandi við þessar umfjallanir er að þær gefa til kynna að Íslendingar séu beinir afkomendur þeirra sem bjuggu hér fyrir þúsund árum“²²³.

Hliðstæður geta verið frjóar og áhugaverðar. Rannsókn Kristínar minnir okkur þó á að áþreifanleg orsakatengsl eru síður á milli Sturlungaaldar og 21. aldar en á milli kennslubóka sem mótað hafa miðaldasýn margra kyn- slóða af Íslendingum frá því í upphafi 20. aldar og hugmynda sem enn lifðu góðu lífi meðal almennings að öld liðinni.

Lokaorð

Íslenska fjármálahrunið hefur ekki nema að litlu leyti verið rannsakað þver- eða fjölfræðilega með skipulegum hætti, t.d. með myndun teyma, en gnægð stakra rannsókna úr ótal fræðigreinum sýnir glöggt að rýnt var í viðfangs-

²¹⁸ Sama rit, bls. 135.

²¹⁹ Sama rit, bls. 113.

²²⁰ Sama rit, bls. 118.

²²¹ Sama rit, bls. 134.

²²² Sama rit, bls. 130.

²²³ Sama rit, bls. 134.

efnið úr nánast öllu litrófi fræðanna. Af þessari fjölbreytni er mikill fengur – ólíkt þeirri ‚fjölbreytni‘ sem felst í því að fræðafólk birtir sömu textana í mörgum lítt breyttum útgáfum á ýmsum vettvangi eða þá að fjöldi þeirra sem titla sig höfunda eins og sama textans virðast í engu samræmi við takmarkað umfang hans.

Nokkuð skýr munur er á nálgun fræðigreina þegar kemur að því hvaða skilningur er lagður í notkun kenninga, hvort og hvernig reynslugögnum er beitt, hvort þær eru boðandi, hvaða skilningur er lagður í orsakagreiningu og hvernig staðið er að samanburði við aðra tíma og önnur samfélög. Jafnvel innan hinna fjölskrúðugu sviða Háskóla Íslands má sjá innbyrðis samkenni sem staðfesta þessa fræðaskipan að einhverju leyti – í öðrum tilvikum teygja sameiginleg einkenni sig á milli sviða. Í sumum fræðatextum um kreppuna má finna nálgun sem deyfir þessar marklínur og minnir okkur þannig á að fræðamörk eru mannanna verk og að mikilvægt sé að draga festu þeirra reglulega í efa. Í hópi þeirra rannsókna á hruninu sem leiða hugann að sveigjanleika þessara fræðamarka eru textar mannfræðings. Varla var fyrirsjáanlegt að sá fræðimaður sem einna mest hefði að segja um samfélagsþætti hrunsins yrði mannfræðingur sérhæfður í vettvangsrannsóknum á vestur-afrískum þjóðflokk og ekki er auðséð hvers vegna rannsóknir hennar á hruninu ættu að flokkast sem félagsvísindi fremur en hugvísindi, eða að hvaða leyti þær eru t.d. nær félagsvísindum á borð við hag- og þjóðfræði en hugvísindum eins og sagn- eða menningarfræði.

Sumir fræðimenn telja sig geta á eigin spýtur nálgast viðfangsefni þverfræðilega, aðrir boða nokkuð skýra verkaskiptingu og láta öðrum vísindagreinum eftir rannsóknarefni sem teygja sig út fyrir þau mörk sem þeir vinna sjálfir innan. Enn aðrir fara inn á hefðbundin rannsóknarsvið annarra fræðigreina án þess að hafa orð á því og sniðganga jafnvel það sem skrifað hefur verið um viðfangsefnið innan viðkomandi greinar. Þegar þannig er siglt í ‚landhelgi‘ annarra fræðigreina en fulltrúar þeirra hunsaðir getur það leitt til þess að okkur yfirsjáist sóknarfæri sem kunna að skapast þegar farið er yfir markalínur og hrist upp í stöðnuðum spurningum viðkomandi fræðigreinar. Ein forsenda frjórrar sambúðar fræðigreina er að samgangur þeirra á milli takmarkist ekki við það að annað veifið eigi sér stað þverfræðileg samvinna þar sem fólk úr ólíkum vísindagreinum starfar tímabundið saman út frá fyrirframgefinni verkaskiptingu. Auk þverfaglegs samstarfs er brýnt að háskólafólk vogi sér inn á svið sem það er ekki sérmenntað í, fari stundum yfir fræðamörk; láti ekki aðrar hefðir, önnur hugtök, aðrar kanónur aftra sér frá því að bera sig saman við nálgun annarra fræðigreina, meti eigin rannsóknir

ekki einvörðungu í ljósi annarra skrifa innan sömu fræðigreinar heldur máti þær jafnframt annað kastið við rannsóknir grannvísinda á sambærilegu viðfangsefni sem og við rannsóknir sem unnar eru handan ráðandi fræðamarka í því skyni að hrista upp í starfi bæði eigin fræðigreinar og grannvísinda. Þekkingarhindranir lifa gjarnan lengur ef fræðimenn skiptast nánast eingöngu á skoðunum við fólk úr sömu vísindagrein. Þróun vísinda er ferli sem á sér ekki aðeins stað innan viðkomandi fræðigreinar heldur að hluta til fyrir tilstilli núningis við aðrar vísindagreinar.

Fjölskrúðugar rannsóknir á hruninu eru kjörið tækifæri til naflaskoðunar á því hvernig eigin fræðigreina nálgast ákveðið viðfangsefni í samanburði við aðrar greinar. Að hvaða leyti reynist sú vísindagrein hafa þá sérstöðu sem gengið er að sem vísu, reynast aðrar fræðigreinar vera jafn ná- eða fjarskyldar og maður þykist vita og markalínur milli hins fræðilega og hins ófræðilega alltaf jafn skýrar og háskólafolk ímyndar sér oft á tíðum? Fjölbreytilegar rannsóknir á hruninu eru tækifæri til að skoða og endurskoða sjálfmynd eigin fræðigreinar, hugmyndir sérfræðinga í einni grein um grannvísindin og mögulega fordóma og fyrirframskoðanir í þeirra garð, svo og í garð heimsins utan háskólasamfélagsins, til að mynda ófræðilegrar samfélagsrýni eða rökræðna á Alþingi. Með svipuðum hætti og útkoman á þingi er oft áhugaverðari þegar flokksagi er hunsaður og unnið er þvert á flokkslínur, getur athyglisverðasta þróunin innan háskólasamfélagsins sömuleiðis orðið þegar fræðigreinaagi er virtur að vettugi og unnið er þvert á markalínur vísindagreina, stigið er yfir fræðamörk. Tilkoma hrunsins sem þverfræðilegs rannsóknarviðfangs ýtti á margan hátt undir það að markalínur milli fræðigreina riðluðust á andrúkm umrótatímum: stjórn málafræðingar breyttust í stjórnspekinga, heimspekingar greindu samræðuhætti Alþingis og fengu frá forseta þess vísbendingu um það hve vítt orsakanet rannsóknarviðfangsins gæti teyggt anga sína; heimspekingarnir buðu svo út greiningu á skoðanamyndun og fylgispekt til félagssálfræðinga og gripu sjálfir til reynslugagna, skáld hins vegar til alþjóðlegra samanburðarrannsókna og veltu ásamt umhverfisfræðingum fyrir sér strætisvagnanotkun á góðæris- og krepputímum; bókmenntafræðingar veltu upp söguspekilegum spurningum um orsakaskýringar, guðfræðingar röktu hrunið til syndarinnar, miðaldafræðingar greindu siðferðisgildi samtímans og sagnfræðingar hið nýliðna – svo fátt eitt sé nefnt.²²⁴

²²⁴ Höfundur þakkar ónafngreindum ritrýnum fyrir ítarlegar og gagnlegar athugasemdir. Agli Arnarsyni, Skúla Sigurðssyni og Stefáni Jónssyni er þakkaður góður yfirlestur. Starfslausnasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna styrkti rannsóknarvinnu í tengslum við þessa grein (styrknúmer 170853–0011).

Ú T D R Á T T U R

Fræðamörk

Um markalínur milli heimspeki og grannvísinda
hennar í rannsóknum á hrúninu

Fjölskrúðug skrif um félagslegar orsakir og afleiðingar íslenska efnahagshrunsins skapa fágætt tækifæri til samanburðarrannsókna á því hvernig fólk úr mismunandi fræðigreinum hug- og félagsvísinda greinir eitt og sama viðfangsefnið. Að hvaða leyti er nálgunin ólík eftir fræðigreinum hvað varðar notkun kenninga, tilgátna, reynslugagna og hugtaka? Er aðferðafræði hugvísinda áþreifanlega önnur en félagsvísinda? Riðluðust fræðamörk heimspeki og skyldra vísinda í kjölfar hrunsins tímabundið eða jafnvel varanlega?

Lykilorð: Fræðamörk, heimspeki, hugvísindi, félagsvísindi, hrúnið

A B S T R A C T

Disciplinary boundaries between philosophy
and related disciplines in research on Iceland's financial crisis

The astonishing range of writings about the social causes and consequences of the Icelandic 2008 financial crisis proffers a unique opportunity to analyse comparatively how scholars from different disciplines in the humanities and social sciences deal with one and the same subject. How does the scholarly approach differ regarding the employment of theories, hypotheses, empirical data and concepts? Is the methodology of the humanities noticeably different from that of the social sciences? Did the boundaries of philosophy and related sciences change in times of crisis, momentarily or permanently?

Keywords: Disciplinary boundaries, philosophy, humanities, social sciences, economic crisis, Iceland

DAVÍÐ G. KRISTINSSON

Stundakennari í heimspeki

Institut für Philosophie

Fachbereich Philosophie und Geisteswissenschaften

Freie Universität Berlin

Habelschwerdter Allee 30

14195 Berlín, Þýskaland

davidk@zedat.fu-berlin.de

